


FJARÐAR fréttir

Finndu okkur á 


Sjónlínan

Gleraugnaverslun

Fimmtudagur 22. desember 2016 | 19. tbl. 14. árg. | Upplag 10.500 eintök. | Dreift fritt inn á öll heimili og fyrirtæki í Hafnarfirði

Strandgötu, Hafnarfirði
Sími 555 7060
www.sjonlinan.is

www.fjardarfrettir.is öflugur fréttavefur

BÍLAVERKSTÆÐI

VARAHLUTIR • VIÐGERÐIR

Sími 564 0400

Bílaraf

www.bilaraf.is

Bílaraf ehf. | Sími 564 0400 | Flatahrauni 25 | 220 Hafnarfjörður


-stöðin
TAXI
Hafnfirska
leigubílastöðin
520 1212




MATHÚS BAR
VON
Strandgata 75 • 583 6000 • vonmathus.is • facebook/vonmathus


FASTEIGNASALA
Stofnuð 1988

Jón Arlúss
KÖKULIST

Treystu
mér fyrir
veislunni!
www.kokulist.is
Firði • sími 555 6655

Gledileg jól

Næsta blað kemur út fimmtudaginn 5. janúar
Lokaskilafrestur efnis og auglýsinga er þriðjudaginn 3. janúar


Fjarðargötu 17
Sími: 520 2600
Opíð virka daga kl. 9-17
as@as.is
www.as.is

ÚTSALA

ALLAR SERÍUR
OG JÓLAVÖRUR

40%
afsláttur

**ÞÍN VERSLUN
Í HAFNARFIRÐI**




HÚSAMÍÐJAN
HLÚTI AF BYGMA

FJARÐAR fréttir

Útgefandi: Hönnunarhúsið ehf. kt. 450106-1350

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Guðni Gíslason

Ritstjórn: 565 4513, 896 4613, Auglýsingar: 565 3066,
fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja • Dreifing: Íslandspóstur

ISSN 2298-8858 Vefútgáfa: ISSN 2298-8866

www.fjardarfrettir.is

www.facebook.com/fjardarfrettir.is

Hönnunarhúsið ehf., Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfirði



Leiðarinn

Jólin eru hátíð okkar allra. Þrátt fyrir allar deilur um trú og kirkjur höfum við öll – næstum öll getað verið sammála um að halda jól friðar og kærleika. Þrátt fyrir öll skrif um annað byggjum við líf okkar á kærleika. Allt frá því að við fæðumst erum við umvafin kærleika. Við getum átt misjafna ævi en kærleikurinn er það sem heldur okkur saman sem fjölskyldu, vinum og þjóð.

Ég hef aldrei beðið neinni að trúa á Guð eða aðhyllast kristna trú, hvað þá ganga í Fríkirkju-söfnuðinn þó ég hafi verið í fríkirkju alla mína ævi. Ég bið þó eins; að við sem aðhyllumst trú – hverja trú sem er – fáum að halda trú okkar í friði. Ég bið þess eins að fólk reyni ekki að sverta trú okkar, reyni að hindra aðgengi okkar eða fjölskyldna okkar að kirkjum. Ég hef aldrei tekið skaða af að kynnast trúarbrögðum annarra, hvað þá að heimsækja kirkjur. Vil ég fullyrða það að trúlaus maður getur ekki tekið skaða af að heimsækja kirkjur. Ég virði þá skoðun fólks að hafa aðra trú en ég og einnig trúleysi fólks. Að virða trúleysi fólks er ekki sama og að hætta að heimsækja kirkjur, hvort sem það er eðlilegur þáttur í fræðslustarfsemi skóla eða hluti af undirbúningi jólnanna.

Þó kærleikurinn sé einn af hornsteinum kristinnar trúar þá er það líka besti mannkostur hvers og eins, trúaðs manns og trúleysingjans.

Kæri lesandi! Um leið og ég óska þér gleðiríkrar jólahátíðar og ánægjulegra áramóta vil ég nota tækifærið og þakka fyrir ánægjulegt samstarf á árinu sem er að líða. An lesenda væri bærjarblað lítills virði og ég er mjög þakklátur fyrir þær góðu móttökur sem hið nýja blað, Fjardarfrettir, hefur hlotið, bæði hjá lesendum og hjá auglýsendum. Frjálst bærjarblað er mikilvægt í hverju sveitarfélagi, blað sem getur verið málþípa bærjarbúa og um leið að bera hróður bærjarinn hátt og að horfa gagnrýnum augum á stjórnun bærjarfélagsins. Ég vænti góðs samstarfs við þig og aðra lesendur á nýju ári og hvet bærjarbúa til að láta skoðanir sínar í ljós.

Gleðileg jól!

Guðni Gíslason ritstjóri.

FRÍMANN & HÁLFDÁN
ÚTFARARÞJÓNUSTA



ÚTFARARÞJÓNUSTA
HAFNAFJARÐAR



Frímann
s: 897 2468



Hálfán
s: 898-5765



Ólöf
s: 898 3075

www.uth.is - uth@uth.is

Stapahrauni 5, Hfj. - Sími 565-9775



Fríkirkjan

í Hafnarfirði

Aðfangadagur 24. desember:

Aftansöngur kl. 18

Kór Fríkirkjunnar leiðir sönginn.
Einsöngur Kirstín Erna Blöndal.

Jólasöngvar á jólanótt kl. 23.30

Sönghópur Fríkirkjunnar
leiðir fallega söngdagskrá.

Jóladagur 25. desember:

Hátíðar- og fjölskyldu- guðþjónusta kl. 13

Kór og hljómsveit Fríkirkjunnar leiðir
sönginn ásamt Krílakór og barnakór.

Agnes Björk Rúnarsdóttir spilar á horn og
syngur, mæðgurnar Inga Dóra Hrólfsdóttir og
Arna Guðlaug Axelsdóttir spila á flautu.
Rósa Guðbjörg Guðmundsdóttir syngur.

Gamlársdagur 31. desember:

Aftansöngur kl. 18

Kór og hljómsveit kirkjunnar leiðir
sönginn. Tónlistarstjóri við allar athafnir
er Örn Arnarson. Orgel: Skarphéðinn Þór
Hjartarson. Bassi: Guðmundur Pálsson.



Ástjarnarkirkja

Aðfangadagur, 24. desember

Aftansöngur kl. 18

Kór Ástjarnarkirkju syngur undir stjórn
Matthíasar V. Baldurssonar.
Einsöngvarar eru Áslaug Fjóla Magnúsdóttir,
Kolbrún Árnadóttir og Ólöf Inger
Kjartansdóttir.

Prestur er sr. Kjartan Jónsson.

Jóladagur, 25. desember

Hátíðarguðþjónusta kl. 14

Annar í jólum, 26. desember

Skokkmessa kl. 10

Allir hlauparar velkomnir.
Kirkjuhlaupið í beinu framhaldi.



www.astjarnarkirkja.is



Víðistaðakirkja

Aðfangadagur, 24. desember

Aftansöngur kl. 17

Kór Víðistaðasóknar syngur undir stjórn
Helgu Þórdísar Guðmundsdóttur.

Einsöngur: Egill Árni Pálsson tenór.

Saxófónleikur:

Vigdís Klara Aradóttir og Guido Bäumer.

Prestur: Sr. Bragi J. Ingibergsson

Miðnæturmessu kl. 23.30

Kór Flensborgarskólans og
Flensborgarkórinn syngja undir stjórn
Hrafnhildar Blomsterberg.

Prestur: Sr. Hulda Hrönn Helgadóttir.

Jóladagur, 25. desember

Hátíðarguðþjónusta kl. 14

Kór Víðistaðasóknar syngur undir stjórn
Helgu Þórdísar Guðmundsdóttur.

Einsöngur: Bylgja Dís Gunnarsdóttir sópran.

Prestur: Sr. Bragi J. Ingibergsson.

Gamlársdagur 31. desember

Helgistund kl. 17

Kór Víðistaðasóknar syngur
undir stjórn Helgu Þórdísar
Guðmundsdóttur.

Prestur: Sr. Bragi J. Ingibergsson.

Sóknarprestur og starfsfólk

Víðistaðakirkju óska íbúum

Víðistaðasóknar og Hafnfirðingum öllum
gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári!

www.vidistadakirkja.is





DANIEL WELLINGTON

TÍMI FAGNAÐAR

*Gefðu ástini þínum sígilda gjöf.
Gleðilega hátíð!*

DW
Daniel Wellington

ÚR & GULL

Firði • Miðbæ Hafnarfjarðar • Sími: 565 4666

Skötweisla Fjörúkráarinnar

Á Þorláksmessu verðum við með skötuhlaðborð eins og venjulega milli klukkan 11:30 - 21:00. Fyrir þá sem ekki vilja skötuna erum við með hlaðborð af jólaréttum sem fólk getur farið í að vild.



Fylgstu með okkur á Facebook Viking Village - Fjörúkráin og Hótel Viking

Anton Sveinn og Hrafnhildur sundfólk ársins



Hafnfirsku sundmennirnir Anton Sveinn McKee og Hrafnhildur Lúthersdóttir hafa verið útnefndir sundmaður ársins 2016 og sundkona ársins 2016 af Sundsambandi Íslands.

Anton Sveinn McKee er 23 ára sundmaður í Sundfélaginu Ægi. Hann stundar nú nám í Alabama í Bandaríkjunum og er á styrk þar vegna sundiðkunar. Hann hefur á undanföllum árum náð mjög góðum árangri í bringusundi. Anton Sveinn stóð sig best allra íslenskra karla í sundi á árinu 2016. Hann er sem stendur númer 46 á heimslista í 200 m bringusundi og númer 75 í 100 m bringusundi í löngu brautinni.

Anton Sveinn er afskaplega metnaðarfullur gagnvart sinni íþrótt og hefur náð miklum þroska undanfarin ár. Hann hefur náð miklum framförum í íþrótt sinni og hefur alla burði til að ná enn lengra. Hann er fyrirmynd í keppni

og ástundun hans er í alla staði til fyrirmyndar.

Hrafnhildur Lúthersdóttir er 25 ára sundkona í Sundfélagi Hafnarfjarðar. Hrafnhildur og er sem stendur í 10. sæti á heimslista í 200 metra bringusundi í löngu brautinni og í því 11. á sama lista í 100 metra bringusundi.

Árangur Hrafnhildar árið 2016 er besti árangur íslenskra kvenna í sundi og ef lítið er til árangurs Íslendinga á þessum þremur stórmótum, EM50, ÓL og HM25 þá er hann með þeim betri í sundsögu Íslands og þar á Hrafnhildur verulegan hlut að máli.

Hrafnhildur er nú flutt til Íslands á ný og æfir undir handleiðslu Klaus Jürgen Ohk. Hún er jákvæð, kappsöm og mjög einbeitt þegar kemur að íþróttinni. Hún hefur á undanföllum árum þroskast mjög mikið sem afreksíþróttakona, setur sér skýr markmið og fylgir þeim eftir.

Skötuveisla á Ásvöllum

Hin árlega skötuveisla Hauka verður á Ásvöllum á Þorláksmessu.

Kæst skata og saltfiskur frá kl. 12.

Boðapantanir í síma 525 8700 og á bhg@haukar.is



Tjarnarvöllum 15, Hafnarfirði
Opíð virka daga kl. 11-21 og um helgar kl. 17-21

Opnunartími um jól og áramót

24. desember, aðfangadagur jóla	Lokað
25. desember, jóladagur	Lokað
26. desember, annar dagur jóla	Opíð kl. 17-21
27.-30. desember	Opíð kl. 11-21
31. desember, gamlársdagur	Lokað
1. janúar 2017, nýársdagur	Lokað

Sr. Kjartan Jónsson, sóknarprestur í Ástjarnarkirkju:

Jólahugvekja

Senn koma jólin og líf okkar snýst um þessar mundir að miklu leyti um að undirbúa þau. Engin hátíð fær jafnmikla athygli og þau og engin hátíð vekur jafnmiklar tilfinningar með okkur, bæði góðar en einnig erfiðar hjá sumum.

Aldrei er talað eins mikið um kærleika og hve mikilvægt er að hjálpa þeim sem eru hjálparþurfi en á aðventunni. Oft hefur verið bent á að ýmsar birtingarmyndir fátæktar séu afleiðingar af ófullkomu þjóðfélagskerfi þar sem sumir ná að efnast vel en aðrir viðhaldast í fátækt.

Flóttamenn hafa verið mikið í fréttum síðustu vikur og mánuði og margir þeirra búa við mjög erfiðar aðstæður. Gott er að minnst þess að frelsarinn var sjálfur flóttamaður í æsku. Flóttamenn eru fólk með vonir og drauma eins og við. Francis, páfi kaþólsku kirkjunnar, hefur gert málefni flóttamanna og fólks sem flytur á milli landa að áhersluatriði í



Sr. Kjartan Jónsson

stefnu sinni því að þetta fólk er oft í mjög viðkvæmri stöðu og auðvelt er að misnota það á ýmsan hátt. Hann hefur talað gegn því sem hann kallar þægindamenningu sem gerir okkur tilfinningalaus gagnvart þjáningu

annarra og heldur því fram að við höfum alþjóðavætt skeytingaleyfi. Við þurfum að biðja um náð, segir hann, til að geta grátið skeytingarleysi okkar og grimmðina í heiminum, sem er í okkur sjálfum og þeim sem taka nafnlausar ákvarðanir sem geta af sér þjáningar fólks.

Jólin eru hátíð kærleika og friðar. Þau standa fyrir þann kost að við getum valið veg kærleika, umhyggju og virðingar fyrir náunganum í stað þess sem veldur honum skaða. Guð vill gera okkur að höndum sínum og fótum til að gera þetta að veruleika í einkalífi okkar og á öllum sviðum þjóðfélagsins. Megi boðskapur jólaanna glæða kærleikslogann í hjörtum okkar.

Ég enda þessa þanka mína á hluta af aðventuljóði eftir Hákon Aðalsteinsson:




Brátt nálgast sú helgasta hátíð í bæ með heilögu ljósunum hjörtum. Andi Guðs leggst yfir lönd yfir sæ og leitar að friði í hjörtum.

...
*Þó vill hann oft gleymast, sem farveg oss fann
fæddur í jötunnar beði.
Við týnum úr hjartanu trúnni á hann og tilefni jólaanna gleði.*

*Vökvaðu kærleikans viðkvæmu rós þá veitist þér andlegur styrkur.
Kveiktu svo örllítið adventuljós, þá eyðist þitt skammdegismyrkur.*

*Það ljós hefur tindrað aldir og ár yljað um dali og voga.
Þó kertið sé lítið og kveikurinn smár mun kærleikur fylgja þeim loga.*

*Láttu svo kertið þitt lýsa um geim loga í sérhverjum glugga.
Þá getur þú búið til bjartari heim og bægt frá þér vonleysisskugga.*



ÞÖKKUM VIÐSKIPTIN

Á ÁRINU



Bæjarbragur, móttun og saga

Hafnarfjörður í ljósi íslensks nýbúa sem flutti um aldamótin til Hafnarfjarðar

Hafnarfjörður er eins og allir vita, afskaplega sjamerandi og hlýlegur bær.

En er það ekki síst vegna þess hvað fólkið leggur í hann, frekar en byggingar eða veggir? Hvað er það í loftinu, sem gerir það auðveldara fyrir þá, að vera persónulegir, án þess að fara of nálægt þér?

Ég kem í Hafnarfjörðinn í mars árið 2010. Ekki leið á löngu áður en menningin var farin að slæðast inn á heimili mitt, börnin komin með hafnirsk orð á borð við „ramba“ (sem er annað orð yfir að veiga salt), „hvítvoðungur“ er eitt orðið sem 4 ára dóttir mín notaði yfir lítill börn sem hún lærði ásamt hinum orðunum í leikskólanum. Svo hafði hún auðvitað mikið dálæti á öllu sem tengdist Pollapönki, því jú, þeir eiga sterkan heimastað hér með Heiðari og Halla úr Botnleðju.

Maður fór í göngutúr með vagninn um fallega gamla bæinn. Unglingar sem rölta framhjá, bjóða góðan daginn. Jafnvel grófir og töfíralægir. Bjóða samt góðan daginn.

Og í Hafnarfirðinum stoppar fólk fyrir gangandi vegfarendum, þrátt fyrir umferð. Og veifa til baka þegar börnin veifa þakklát fyrir að komast yfir götuna.

Maður er ekki lengi að komast inn í notalega stemmninguna hjá bæjarbúum. Þeir taka vel á móti þeim sem vilja gera gott og leggja ekki háar kröfur á að

maður sé neitt, nema maður sjálfur. Það virðist alla vega vera svona bragurinn.

Hér býr fólk af ekki svo ólíkum upp- runa

Í árdaga Hafnarfjarðar ólust flestir hér upp í faðmi foreldra sem voru ýmist

því sem það hafði. En það stóð saman. Leikskólarnir voru engir. Fólk hélt tengslum við hvort annað. Og skipti einnig við hvort annað á afurðum. Eins kom kannski með fisk, meðan konan hans Kalla saumaði fyrir saumsprett-

legu viðskipti, búa mörg hver enn á sömu slóðum. Og eru enn í tengingu við börnin sem voru í fjölskyldunni, sem foreldrar þeirra áttu viðskipti og vináttu við. Mjög stór hluti fólksins voru sjómanna-fjölskyldur, urðu svo að mörgu leyti, ásamt smiðunum að sjálfsgöðu, líf bæjarins. Slippurinn svo lífæðin.

Af hverju er það? Spyr maður sig kannski. Af hverju skiptir máli hvaða áhrif það hafði á heildarmynd og árangur samfélagsins? Og af hverju eru þeir svona heimakærir?

Vegna þess að enn ríkir samstaðan, heimilisleg stemmningin og vinalæg ásjónin sem þurfti svo á að halda þá. Til að lifa af.

Það er löngum orðið sannað mál, að Hafnirfjörðingur er ekki sama um hvorn annan. Eða börn hvors annars.

T.d. ekki fyrir svo löngu tóku íbúar á Völlum upp á því að halda Hrekkjavöku fyrir börnin í hverfinu – á mánu- degi. Með mikilli pomp og prakt ráfuðu alls kyns, litlar ógnarverur með töfra- sprota og sverð og fengu nammi í poka fyrir grikk. Að sjálfsgöðu snerist þetta um sameininguna. Ekkert annað. Þetta eru Hafnirfjörðingur í hnotskum. Það hefði vel verið hægt að sleppa því. En hér er haft fyrir því. Það er sálin sem ég er að tala um.

Sálin sem mér þykir svo vænt um við Hafnarfjörðinn.

Soffía Hrönn Gunnarsdóttir.



Soffía Hrönn Gunnarsdóttir.

sjómenn eða húsmæður. Annars voru allir mest komnir af bændunum sem hér náðu að skjóta rótum. Bærinn var sannarlega ekki ríkur, fólk móðaði úr

urnar á buxum barna fjölskyldu hans, svo dæmi sé tekið. Eflaust eitthvað sem viðgekkst í öðrum bæjum og allt það, en börn fólksins sem áttu þessi heima-

Smíðaði hús fyrir villiköttinn í hverfinu

Villikötturinn Geiri passar húsið sitt vel og mýs eru sjaldséðar í nágrenninu

Smári Brynjarsson, íbúi við Strandgötuna hefur smíðað heilt íbúðarhús og ekki fengið neinar athugasemdir frá byggingaryfirvöldum þó ekki hafi verið sótt um nein leyfi. Húsið er glæsilegt en ekki stórt því það er smíðað utan um aðeins einn kött – villiköttinn í hverfinu.

Segir Smári hann heimsins dekraðasta kött. Hvor það sé rétt skal ekkert fullrytt en ótrúlegustu sögur hafa farið af dekri ríka fólksins við kettina sína.

En sennilega er þetta heimsins dekraðasti villiköttur enda hefur Smári byggt glæsivillu fyrir hann einan. Ekki er glæsivillan bara stór fyrir einn kött,



Glæsivillan sem Smári smíðaði fyrir villiköttinn hverfinu.

heldur er hún með lýsingu og auðvitað jólaljósum núna í skammdeginu fyrir jólin. Kötturinn passar húsið vel og býður ekki heim fyrir jólin. Engum

köttum er hleypt nálægt húsinu. Mýs eru heldur ekki sjáanlegar því eins og alvöru köttur, þá veiðir hann sér til matar.

Gleðileg jól og farsælt komandi ár



Efnamóttakan hf
Spillum ekki framtíðinni

GÁMAÞJÓNUSTAN HF.
BÆTT UMHVÆFI - BETRI FRAMTÍÐ

HAFNARBAKKI FLUTNINGATÆKNI

KRÓNAN

**Opið
9-22**

alla daga fram að jólum



399

kr.
stk.

Klementínur 950 g, Spánn

**Krónan
mælir með!**



Nóatúns hamborgarhryggur

NÓATÚN

1899

kr.
kg



Sjúklega gott!

Bakið í 7 mínútur

30 smákökur

**Krónan
mælir með!**



Lambalæri með sveppum og púrtvíni, úrval fyllinga

3199

kr.
kg

899

kr.
stk.

17 Sortir smákökudeig, úrval bragðtegunda



Sr. Sigríður Kristín Helgadóttir, safnaðarprestur í Frikirkjunni í Hafnarfirði

Þú verður aldrei að fallegu jólatré

Hafið þið gengið um í íslensku skóglendi. Einhver gæti nú sagt: Er til íslenskur skógur? Já, hann er til og hann ilmar af birki og mosa á sumrin, sérstaklega eftir að regndroparnir hafa vætt stofninn, greinarnar og blóðin.

Þá er best í heimi að fara í pollagalla og stígvél, ganga um og þefa út í loftið eins og Gáttapefur í leit að hangikjöti.

Og þú veist hvað þú gerir ef þú týnist í íslenskum skógi? Þú stendur einfaldlega á fætur! Nei, það er nú ekki svo einfalt. Því jafnvel þó svo erfitt sé fyrir tré að búa á Íslandi þá eigum við nú samt inn á milli fallega gróna reiti með háum trjám.

Í skóginum er líklegast að rekast á birki. En hér má einnig finna reynitré, öl, víði og jafnvel ösp. Sum þessara trjáa hafa átt heima hér á Íslandi langa lengi, önnur eru nýbúar. Það er alltaf skemmtilegt að hafa sem mesta fjölbreytni en það er alveg sama hvaða trjátegund það er – þegar fuglarnir leita sér skjóls. Þeir hvíla sig á fallegri grein og syngja, á sterklegri grein byggja þeir sér hreiður og í skjóli laufblaðanna ala þeir ungana sína – svo þeir megi einn daginn fljúga úr hreiðri og gleðja okkur með söngnum sínum.

GRENITRÉN

Þau tré sem verða einna hæst á Íslandi eru grenitré. Og í skóginum þar sem saga okkar gerist voru þau mörg hver há og afar glæsileg. Stofninn sterklegur að sjá og greinarnar jafnar og teinréttar. Hlutföllin rétt og toppur sem teygði sig glæsilega til himins – liturinn óaðfinnanlega dökkgrænn.

Inn á milli grenitrjána óx þó eitt grenitré sem var ekki alveg í réttum hlutföllum. Neðstu greinarnar slúttu frekar en að standa teinréttar út til hliðanna og toppurinn – var þetta einn eða tveir eða jafnvel þrjár toppar? Æi, greyði. Það var engu líkara en það hafi ekki getað gert það upp við sig hvað ætti að vera toppur og hvað ekki. Þetta greintré hafði greinilega orðið fyrir hnjaski þegar það var græðlingur. og hin tréni í skóginum höfðu á orði að í raun þá liti það meira út eins og runni en tré.



Ljóm.: Guðni Gíslason



Sigríður Kristín Helgadóttir, safnaðarprestur í Frikirkjunni í Hafnarfirði við fallegt jólatré fyrir utan kirkjuna.

ÞÚ VERÐUR ALDREI AÐ FALLEGU JÓLATRÉ

Sussum svei – sögðu tréni í skóginum er þau virtu þetta grenitré fyrir sér. Þú verður aldrei að fallegu jólatré ef þú heldur svona áfram! Svo mikið er víst.

Svo einn daginn þá gengu starfsmenn skógræktarinnar í gegnum skóginum. Þið vitið það að ef of mörg tré vaxa saman – þá verður að saga nokkur þeirra niður svo skógurinn verði ekki of þéttur. Þá ná tréni ekki að vaxa eins vel. Og þennan dag gekk mannfólkið um skóginum, naut kynrðarinnar og velti vöngum. Hmmm. Hvar þyrfti að grísa? Og hvaða tré voru nægilega falleg til þess að verða fyrir valinu sem jólatré! Hvernig jólatré vill fólk fá inn í stofu til sín? Sumir velja lítill tré, aðrir stór tré. En ætli flestir vilji ekki að jólatré sé sterklegt að sjá, greinarnar jafnar og teinréttar í réttum hlutföllum og með

topp sem teygir sig til himins? Jú, það held ég. Það kom því öllum grenitrjánunum á óvart er litla grenitréð, sem leit meira út eins og runni en tré með topp – sem var bara alls ekki þarna! Var valið af mannfólkinu.

Já, það get ég svarið, sagði tignarlegt, tilvonandi jólatré – að nú lendir þú í tætaranum litli minn! Það getur ekki verið að þér sé ætlað að prýða heimili nokkurs manns – svo mikið er víst! Hver hefur smekk fyrir öðru eins! Hvernig er hægt að koma jólastjörnu fyrir þar sem enginn er toppurinn? Og hvernig ætla þessar rytjulegu greinar að bera jólaljósinn? Já, þvílíkt og annað eins!

Litla grenitréð sem leit meira út eins og runni en tré – hugleiddi orð fallega tréins eitt augnablik. Og af því að orð hafa áhrif þá fann það til hryggðar. Það fengi örugglega ekki að bera jólaljósinn fyrir nokkurt barn.

GUÐ ELSKAR ÞIG EINS OG ÞÚ ERT

Starfsmenn skógræktarinnar mættu nokkrum dögum síðar með græjurnar sínar. Nú skyldi grísað og nú skyldi selt – svo hægt væri að planta enn fleiri trjám á Íslandi.

Falleg tré voru valin til þess að prýða heimili, borg og bæi þessa lands. Og af einhverjum ástæðum var ólögulega grenitréð sagað niður þennan dag. Nú tóku við dagar þar sem tréni voru flokkuð og valin.

Sum hver lentu í blómabúðinni, en önnur í jólatrjáasölu skátanna. Einstaka, teinrétt og virðulegt tré var valið til að standa á Ingólfstorgi í Reykjavík sem og uppi á Hamrinum hér í Hafnarfirði. Þar sem þau blasa við gestum og gangandi og allir geta dáðst að þeim.

Grenitréð ólögulega reyndi að vona það besta – en það verður að segjast eins og er: Vonin var veik. Alla sína ævi hafði það fengið að heyra það hversu ólögulegt það var. Hversu litlar líkur væru á því að það yrði valið til þess að bera jólaljós eða Betlehemsstjörnu á jólonum. Það kom því ólögulega grenitrénu á óvart þegar það uppgötvaði það að það fengi – eftir sem áður að vera jólatré þessi jólin. Því þegar það dirfðist að líta í kringum sig – vitið þið hvar það var niður komið? Jú! Fyrir utan Frikirkjuna í Hafnarfirði!

Starfsmenn bæjarins vöfðu það ljósa-seríu, svona einhvern veginn og kannski ekkert sérstaklega vel. En það gerði ekkert til. Þetta jólatré hafði finasta útsýni og á hverjum sunnudegi á adventunni streymdu börn og foreldrar að til þess að syngja saman í sunnudagaskólanum. Þar var sungið af hjartans list: Jesús elskar eitt og hvert, stór og smá. Það skiptir nefnilega engu máli hver hlutföllin eru eða hvort maður liti frekar út fyrir að vera runni en tré þegar við hlustum á Guðs orð. Því Guð einfaldlega elskar þig. Guð elskar þig eins og þú ert!

Takk jólatré! Þú ert ágætt eins og þú ert!

Arnór Ingi fékk styrk til framhaldsnáms

Afhent úr Fræðslusjóði Jóns Þórarinssonar, fyrsta skólustjóra Flensborgarskólans.

Við útskrift í Flensborgarskólanum var Arnóri Inga Sigurðssyni veittur 350 þús. kr. styrkur til framhaldsnáms við Danmarks Tekniske Universitet. Arnór Ingi útskrifaðist úr Flensborg á jólum 2010 með hæstu einkunn.

Námi sínu þar lýsir Arnór sem svo: „Síðustu mánuði hef ég unnið að sérverkefni í rannsóknarhóp sem er undir stjórn Pr. Thomas Sicheritz Pontén. Sérverkefnið snýst um að notast við vélrænt nám (e. machine

learning) við greiningu á próteinröðum til þess að þróa forrit sem getur spáð fyrir um hvort tiltekið prótein geti verið ísbindingprótein (e. ice-binding protein). Ísbindingprótein er flokkur próteina sem finna má í hryggdýrum, plöntum, sveppum og bakteríum og gerir þeim kleift að lifa þrátt fyrir að líkamshiti þeirra fari undir frostmark vatns. Virkni ísbindingpróteinanna er sú að þau bindast við smáa ískristalla þegar þeir eru að byrja að myndast og hindra vöxt þeirra.

Afleiðing þess er sú að ískristallarnir ná ekki að verða nógu stórir til þess að skaða nálægar frumur.

Nú í dag er verið að rannsaka notkun ísbindingpróteina til þess að auka frostþol plantna, auka líftíma frosinna matarafurða, fyrir viðhald líffæra/vefja við líffæragjöf og sem meðferð við ofkuli svo sem dæmi séu tekin.“

Albert Steingrímsson, formaður sjóðsstjórnar og formaður skólanefndar Flensborgarskólans afhenti foreldrum Arnórs styrkinn, en hann er í prófum í Danmörku. Til viðbótar við styrkinn úr sjóðnum lögðu honum lið nemendur sem útskrifuðust á árunum 1985-6 og kalla sig Hádegisverðarklúbbinn.

Fræðslusjóður Jóns Þórarinssonar hefur það hlutverk að styrkja til framhaldsnáms nemendur sem hafa lokið stúdentsprófi eða öðru lokaprófi frá Flensborgarskólanum í Hafnarfirði. Fræðslusjóðurinn var stofnaður með erfðaskrá Önnu Jónsdóttur ljósmyndara í Hafnarfirði, en hún var dóttir Jóns Þórarinssonar skólustjóra og fyrri konu hans Lauru Pétursdóttur Hafstein. Jón var fyrsti skólustjóri Flensborgarskólans. Í erfðaskrá hennar var ákvæði um að eigur hennar skyldu mynda sjóð er bæri nafn Jóns Þórarinssonar og væri varið „til að styrkja til framhaldsnáms



Arnór Ingi Sigurðsson



Sigurður Ragnarsson, faðir Arnórs Inga tók við styrknum.

efnilegt námsfólk sem lokið hefur fullnaðarprófi við Flensborgarskólann í Hafnarfirði“.

Þetta er í tuttugasta og fjórða sinn sem styrknum er úthlutað. Alls hafa 149 manns sótt um styrk frá sjóðnum en 34 hafa hlotið styrk, jafnmargar konur og karlar. 23 vegna meistaranáms eða jafngildi þess og 11 vegna doktorsnáms. 12 sinnum hefur verið úthlutað í mannvísindum og tungumálum en 24 sinnum í raun- og heilbrigðisgreinum.

GLEÐILEG JÓL

og þökkum fyrir viðskiptin á árinu.



Burger★inn

**OPNUNARTÍMAR
JÓL OG ÁRAMÓT**

23.des. Opið kl.11-22

24.des. Lokað

25.des. Lokað

26.des. Lokað

31.des. Opið kl.11-15

1.jan. Opið kl.16-21



**Björgunarsveit
Hafnarfjarðar**

Takk fyrir stuðninginn

Ágætu Hafnfirðingar.

Árið 2016 hefur verið viðburðaríkt hjá Björgunarsveit Hafnarfjarðar.

Björgunarmiðstöðin Klettur heldur áfram að þjóna okkur vel. Búið er að ganga frá húsinu okkar að mestu, aðeins eftir að laga og snurfusa lóðina okkar baka til, Lónsbrautarmegin. Björgunarmiðstöðin þjónar Björgunarsveitinni, unglingsdeildinni Björgúlfi, Slysavarnadeildinni Hraunprýði og

klúbbum eldri félaga HSH og Fiskakletts. Við erum stolt af húsinu okkar sem reist hefur verið af myndarskap, en mjög mikil sjálfboðavinna var unnin við húsið auk þess sem bæjarbúar í Hafnarfirði hafa verið dyggir stuðningsaðilar sveitarinnar, sem hefur gert okkur kleift að ljúka þessum stóra áfanga í sögu sveitarinnar.

Nýliðastarfið okkar gengur mjög vel, við erum með stóran hóp nýliða bæði á

fyrra og seinna starfsári. Þetta er flottur hópur efnilegs fólks á ólíkum aldri, sem hefur sótt um að starfa með okkur. Nýliðastarfið tekur að minnsta kosti 18 mánuði og á því tímabili gangast nýliðar undir fjölbreytta þjálfun sem reynir á bæði andlega og líkamlega. Nýliðahópurinn á breiðu aldursbili sem við teljum góðan kost til að ná fram því besta í hverjum og einum.

Útköll á árinu hafa verið 56 fram til þessa og hefur þeim farið fjölgandi með ári hverju. Útköllin hafa verið af ýmsum toga en við höfum þó fengið pásu frá óveðursútköllum þetta haustið. Mest áberandi útköll í haust hafa eflaust verið stóru leitirnar tvær á Snæfellsnesi og á Héraði þar sem rjúpnaskyttur höfðu ekki skilað sér. Þrátt fyrir mikla fjarlægð þá hefur Björgunarsveit Hafnarfjarðar sent stóra hópa til leitar.

Við erum mjög þakklát þegar vel gengur og það var því mjög ánægjulegt að í báðum þessum stóru leitum fundust hinir týndu heilir á húfi. Útköllin hafa verið bæði stutt og löng, á landi og sjó, þau hafa verið miskrefjandi en alltaf er hópur félaga okkar tilbúinn til að rjúka af stað þegar kallað er. Það er fjölbreyttur hópur björgunarfólks sem sinnir starfinu í sjálfboðavinnu og er tilbúinn til að koma ykkur til aðstoðar hvenær sem er sólarhringsins allt árið.

Sérstaða Björgunarsveitar Hafnarfjarðar er og hefur verið þjálfun og rekstur á sporhundi í gegnum árin. Í dag höfum við yfir að ráða einstaklega fallegum sporhundi sem heitir Perla. Hún hefur staðið sig mjög vel á síðasta ári og farið í mörg útköll. Nú í byrjun desember náði hún þeim áfanga að ná seinna úttektarprófinu sem leggja skal fyrir blóðhunda. Perla er fyrsti sporhundurinn á landinu sem nær þessu prófi frá því að kröfur um það voru settar fram fyrir um 10 árum síðan. Við erum mjög ánægð með þennan góða árangur og stefnum nú á að fá annan blóðhund til landsins um mitt næsta ár. Lionsklúbbur Hafnarfjarðar hefur heldur betur stutt vel við bakið á okkur með sölu á Gaflaranum undanfarnin ár og nú síðast með styrk fyrir nýjum sporhundi.

BSH sinnir líka samstarfi við ýmsa aðila eins og skátahreyfinguna. Björgunarsveitin sá um sjúkragæslu fyrir Hraunbúa á skátamóti í Krýsuvík í júní eins og undanfarna áratugi. Einnig sinntum við vatna og bátagæslu á Landsmóti skáta á Úlfjótswatni í sumar. Þar fengu félagar okkar mikilvæga reynslu og þjálfun í meðhöndlun slöngubáta.

Að reka björgunarsveit er kostnaðarsamt og nú fer í hönd mikilvægasti fjáröflunartími okkar. Jóltrjáasala sem og flugeldasala eru okkar mikilvægustu fjáraflanir.

Jóltrjáasalan okkar er í Hvalshúsinu við Reykjavíkurveg 48 eins og undanfarnin ár. Við tökum vel á móti ykkur og

þar sem kaffi, og piparkökur eru í boði á meðan fólk velur sér tré.

Bæði jólátrén og flugeldarnir eru forsenda þess að halda úti öflugri björgunarstarfi í Hafnarfirði. Sölustaðir flugelda opna miðvikudaginn 28. desember og verða í björgunarmiðstöðinni okkar að Hvaleyrarbraut 32, að Flatahrauni 14 (gamla húsinu okkar) og við Tjarnarvelli.

Kæru bæjarbúar, um leið og við þökkum ykkur fyrir ómetanlegan stuðning í gegnum árin, þá bjóðum við ykkur velkomin á sölustaði okkar, hvort sem er til að versla jólátré eða flugelda og leitum til ykkar eftir áframhaldandi stuðningi svo hægt sé að halda áfram kraftmiklu björgunarstarfi í Hafnarfirði.

Með ósk um gleðilega hátíð, slysalaus áramót og gæfuríkt komandi ár.

Vigdís Björk Agnarsdóttir, formaður Björgunarsveitar Hafnarfjarðar.

Hvar kaupir þú flugelda?

Flugeldasala:

- Hvaleyrarbraut 32 (innst á Lónsbraut)
- Gamla slökkvistöðin (Flatahrauni 14)
- Við Tjarnarvelli

OPÍÐ:

Miðvikudaginn 28. desember	kl. 12 - 22
Fimmtudaginn 29. desember	kl. 10 - 22
Föstudaginn 30. desember.....	kl. 10 - 20
Gamlársdag	kl. 09 - 16



Flugeldasala björgunarsveitarinnar er lífæð starfsins – Bæjarbúar! Leggjum okkar skerf af mörkum.

Óskum bæjarbrum glédilegra jóla og farsæls nýs árs!



Adalskoðun
Hjallhrauni 4 • www.adalskodun.is



AO
ATLANTSOLÍA
Lónsbraut 2 • www.atlantsolia.is



AS
FASTEIGNASALA
Fjarðargötu 17 • www.as.is



BAN KUNN
THAI RESTAURANT
Tjarnarvöllum 15 • sími 565 5665



BÍLAMÁLUN
ALBERTS
Stapahrauni 1 • sími 555 4895



BÍLASPÍTALINN
Kaplahauni 1 - Hafnarfirði • Sími: 565 4332 • bsp@bsp.is
Kaplahauni 1 • www.bsp.is



Bílaverk ehf.
Kaplahauni 10 • sími 565 0708



Bílaverkstæði Högna
Trönuhrauni 2 • sími 555 2662



BLIKKSMÍÐJAN
BLIKKHELLA
S. 555 4662 GSM 897 4230
Rauðhelli 12 • sími 555 4662



Blikksmíði ehf.
B l i k k s m í ð j a
Melabraut 28 • sími 565 4111



BÓKHALDSSTOFAN ehf
Bæjarhrauni 12



Bæjarbros
Róbert Gerald tannlæknir
Bæjarhrauni 2 • www.baejarbros.is



CAFÉ
DELUXE
Strandgötu 29 • www.5712440



EIGNAUMSJÓN
www.eignaumsjon.is • sími 585 4800



ENJO
CLEAN THE WORLD
Reykjavíkurvegi 64 • www.enjo.is



ER hús ehf.
BYGGINGAVERKTAKAR



FAGFÓLK
Hársnyrtistofan
Fjarðargötu 19 • sími 565 3949



Félag eldri borgara í hafnarfirði
Hraunsel, Flatahrauni 3 • www.febh.is



Frjálsíþróttadeild
Kaplakrika • www.is/frjalsar



BJÖRK
Haukahrauni 1 • www.fbjork.is



FJALLA KOFINN
Reykjavíkurvegi 64 • www.fjallakofinn.is



FJÖRUKRÁIN
Vikingastræti 1-3 • www.fjorukrain.is



Frumherji
Dalshrauni 5 • www.frumherji.is



G. Rúnar ehf.
GUÐM. RÚNAR ÓLAFSSON
TANNLÆKNIR
Reykjavíkurvegi 62 • 220 Hafnarfirði

FJARÐAR fréttir

óska þér og þínum
glédilegra jóla!

Von mathús hefur slegið í gegn

Eitt ár frá stofnun og aðsóknin hefur verið langt umfram væntingar

Fyrir einu ári síðan opnuðu hjónin Einar Hjaltason og Kristjana Þura Bergþórsdóttir veitingastaðinn Von mathús í gamla Drafnarhúsinu við slippinn í Hafnarfirði. Það var ekki síst fyrir brennandi áhuga og ástríðu þeirra á matargerð og rekstri veitingahúsa sem þau lögðu út í það stórvirki að opna veitingastað sem biði upp á árstíða-bundna matargerð.

Í samtali við Fjarðarfréttir segja þau Einar og Kristjana Þura að þó væntingarnar hafi verið miklar þá hafi þau ekki alveg búist við þessum frábæru móttökum sem þau fengu. Þau lögðu sál sína í staðinn og unnu gríðarlega mikið sjálf við gerð hans, ásamt fjölskyldunni, smíðuðu jafnvel borð sjálf. Svo vel tókst til að þau hafa fengið ósk um að smíða fleiri slík borð en hafa enn sem komið haft nóg að gera við að taka við matarþöntunum hvað sem sýðar verður.

EINFALDUR MATSEÐILL OG FERSKT HRÁEFNI

Einar segir að þau hafi lagt áherslu á einfaldan matseðil sem tekur mið af ferskasta hráefni hverju sinni og þannig getað boðið upp á hágæða mat. Segir hann að þau vinni sjálf gríðarlega mikið á staðnum enda vilji þau vera í góðu sambandi við viðskiptavinina, vita hvaðan þeir koma og hvernig þeim hefur líkað. Segir hann það hafi komið þeim helst á óvart hversu hádeginn séu



Kristjana Þura Bergþórsdóttir og Einar Hjaltason ánægð á eins árs afmæli veitingastaðarins.

vinsæl en aðsóknin sé mun meiri en þau hafi reiknað með.

Kristjana segir viðskiptavinum komi víða að og greinilegt er að orðspor staðarins hefur farið víða á ekki lengri tíma. Segir Kristjana hópinn vera fjölbreyttan. Þau fá marga hópa, vina-hópa, ferðamenn en einnig komi viðskiptamenn, einstaklingar, pör og fjöl-

margir komi aftur og aftur og jafnvel nokkrum sinnum í viku. Gott aðgengi er að staðnum og verðlag mjög gott sem spillir ekki fyrir.

Opíð er kl. 11.30-14 og kl. 17.30-22 alla daga nema mánudaga en þau segjast vera mjög sveigjanleg og oft hafi þau tekið við gestum alveg við lokum. Þau ætla þó að taka sér tíma í

skipulagningu í byrjun árs og opnað verði 6. janúar á nýju ári.

Í dag starfa 14 manns hjá fyrirtækinu en voru 7 þegar þau lögðu af stað fyrir ári. Segjast Einar og Kristjana þakklát viðskiptavinum sínum fyrir góðar viðtökur á þessu fyrsta starfsári.



Opíð er inn í eldhús og tengsl við viðskiptavinina verða mikil.



Öllu er haganlega fyrir komið – frumleiki og einfaldleikinn áberandi.

Leiktu þér að gátum

Lausnir má finna á bls. 30

1. Hvað var gert við gömlu Þjórsárbrúna?
2. Koma páskar fyrir eða eftir jóli?
3. Hvort er fljótlegra að rífa hús eða byggja það?
4. Úr hvaða deigi geta bakarar alls ekki bakað?
5. Hvað er líkt með hesti og jakka?
6. Hvaða banki er í sjónum við Íslandsstrendur?
7. Hvað er líkt með barnapela og fil?
8. Hvaða farartæki hefur bæði hjól og fætur?
9. Hvað hefur eyru án þess að heyra?

Hver er ég?

Á ári hverju einu sinni, alla menn ég sæki heim, þá sem ei mig eiga í minni, ég övörum finn, og hverf frá þeim.

Aldrei er ég einburi, oftast er ég tvíburi, þó er ég stundum þrúburi, en þá er ég oftast fjórburi.

Hvað heiti ég?

Af höfuðfati hlýtt ég nafn og hættulegri veiki. Þegar ég hitti sveina safni, sumir fara af kreiki.

Hver er ég?

Kerling ein á kletti sat, kletta býr á stræti, veginn öllum vísað gat, var þó kyrr í sæti.

18% fjölgun 67 ára og eldri á 3 árum

Fjölgar sem hlutfall af fjölda bæjarbúa

1. janúar sl. voru íbúar Hafnarfjarðar 28.189 talsins og þar af voru 2.851 einstaklingar eldri en 67 ára. Fjölgun aldraðra eykst hratt ár frá ári og þarf að meta þjónustu við aldraða í því ljósi. Þetta kemur fram í áfangaskýrslu um málefni eldri borgara í Hafnarfirði.

Frá árinu 2013 hefur hlutfall íbúa 67 ára og eldri aukist úr 8,99% í 10,11% árið 2016.

Gjaldskrá félagslegrar heimaþjónustu hjá Hafnarfjarðarbæ var síðast tekin til endurskoðunar og samþykkt í bæjarstjórn 9. desember 2015 og tók hún gildi 1. janúar 2016.

Skv. henni er greitt fyrir félagslega heimaþjónustu á vegum Hafnarfjarðarbæjar 750 kr. á klukkustund. Elli- og örorkulífeyrisþegar greiða 570 kr. á klukkustund.

Undanþegnir gjaldskyldu vegna félagslegrar heimaþjónustu skulu þeir sem ekki hafa aðrar tekjur en ellilífeyri/örorkulífeyri og óskerta tekjutryggingu.

Þá er fjölskylduráði heimilt að gefa eftir hluta greiðslu fyrir veitta félagsþjónustu eða fella alveg niður. Skal þá tekið tillit til efnahags og annarra aðstæðna.

EKKI TEKJUTENGÐ GJALDSKRÁ


Þegar gjaldskrá er borin saman við nokkur önnur sveitarfélög kemur í ljós að gjaldskráin er tekjutengd í Kópavogi en þeir sem hafa yfir 292.647 kr. á mánuði greiða hærra en í Hafnarfirði en fólk með undir 202.726 kr. greiða þar ekkert.

Í Reykjavík er gjaldið 1.150 kr. á klst. Undanþegnir gjaldskyldu vegna félagslegrar heimaþjónustu eru þeir sem ekki hafa aðrar tekjur en ellilífeyri/örorkulífeyri og óskerta tekjutryggingu.

Gjaldskrár eru mjög mismunandi og samanburður nokkuð erfiður en það er mat skýrsluhöfundna að ekki sé þörf á að tekjutengja gjaldskrá fyrir félagslega heimaþjónustu, frekar en aðra þjónustu sem Hafnarfjarðarbær veitir. Gjaldskrá Hafnarfjarðarbæjar um félagslega heimaþjónustu er mun lægri en hjá öðrum sveitarfélögum.

BIÐLISTAR

Mikil aukning hefur verið í umsókn-um um heimaþjónustu á árinu 2016 og biðlistar myndast bæði eftir þjónustunni og einnig vegna þjónustumats. Í



Fjöldi Hafnfirðinga, 67 ára og eldri 2013 - 2016 miðað við 1. janúar.

desember 2016 hefur tekist að eyða biðlistum um þjónustumat auk þess sem tryggt hefur verið að einstaklingar fái heimaþjónustu fyrir jólin. Á nýju ári mun Hafnarfjarðarbæ nýta sér þjónustu frá ISS, sem mun væntanlega fyrirbyggja biðlista.

FÉLAGSSTARF ALDRAÐRA

Aðsókn í félagsstarf í Hafnarfirði er að aukast og óskir eru frá eldri borgurum um fjölbreyttara starf. Til þess að það geti orðið að veruleika ermikilvægt að auka við stöðugildi en í

Hraunseli eru 2,5 stg., á Hjallabraut eru 0,7 stg. og á Höfn eru 0,2 stg. Fyrir utan ofangreinda staði er sundleikfimi í boði í Ásvallalaug, ganga í húsakynnum FH og leikfimi í Bjarkarhúsinu. Í dag fer félagsstarfið að mestu leyti fram í Norðurbænum og þörf á að huga að því aðefla félagsstarfið með því að opna starfsemi nær Völlunum, Holti eða Áslandi. Samkvæmt Hagstofu Íslands eru tæp 20% eða 556 einstaklingar (67 ára og eldri) skráðir með lögheimili í pósthúsi 221. Félagsstarf í miðbænum er einnig ákjósanlegur kostur.

ÓLGA VEGNA MATAR

Í byrjun árs gerði Hafnarfjarðarbær samning við ISS. Mikil óánægja varð meðal matargesta og hefur sú óánægja verið nokkuð viðvarandi það sem af eru þessu ári. Í mötuneytinu á Hjallabraut 33 má greina fækkun matargesta en mun minni á Sólvangsvegi. Því miður eru ekki fyrirbyggjandi tölur til að sýna fram á þessar breytingar. Í nóvember sl. var reynt að koma til móts við ítrekaða beiðni matargesta um sjálfsskömmun í mötuneytum bæjarins. Nær samdægurs var hætt við þá nýbreytni vegna mikillar óánægju. Að mati starfsmanna í mötuneyti bæjarins virðast matargestir nú vera almennt sáttir og kvörtunum hefur fækkað.



Frá Hraunseli þar sem félagsstarf Félags eldri borgara í Hafnarfirði fer að mestu fram.

Vill vottun sem barnvænt samfélag

Hafnarfjarðarbær ætlar að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna inn í allt sitt starf og reglur

Akureyrabær stendur í innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem tilraunasveitarfélag og Hafnarfjarðarbær ætlar að fylgja vinabæ sínum strax á eftir og læra af reynslu þeirra fyrir norðan og verða fyrirmyndarsveitarfélag þegar kemur að réttindum barna.

Fulltrúar Samfylkingarinnar lögðu til að Hafnarfjarðarbær óski eftir, í samstarfi við Akureyrabæ og UNICEF, að fá vottun sem barnvænt samfélag með innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í allt sitt starf, samþykktir og

stefnur. Var tillagan samþykkt á bæjarstjórnarfundum 7. desember sl.

„Að sveitarfélag innleiði Barnasáttmálann þýðir að það samþykki að nota sáttmálann sem viðmið í starfi sínu

og að forsendur hans gangi sem rauður þráður í gegnum þjónustu þess. Líkja má innleiðingunni við að starfsmenn og kjörnir fulltrúar sveitarfélagsins setji upp „barnaréttindagleraugu“ og rýni og

skoði verk- og ákvarðanaferla með hliðsjón af sáttmálanum. Barnasáttmálinn er þannig nýttur sem gæðastjórnunarverkfæri í stefnumótun og þjónustu með tilliti til barna. Ferlið við að gerast barnvænt sveitarfélag krefst pólitískrar skuldbindingar, sem er grundvöllurinn fyrir innleiðingu Barnasáttmálans í sveitarfélaginu, ásamt samræðum aðgerðum þvert á öll svið sveitarfélagsins.“ Þetta segir á heimasíðu Akureyrarbæjar um innleiðingu verkefnisins þar.

Nánari upplýsingar má finna á www.barnaensveitarfelog.is



Myndagáta Fjarðarfrétta

Höfundar að myndagátunni eru mæðginin Stefán Snær Grétarsson og Nanna Snædal sem er látin. Stefán teiknaði hana og var hún birt í jólablaði Fjarðarfrétta 1988 og birtist hér með góðfúslegu leyfi Stefáns.

Sendið lausnina með tölvupósti á fjardarfrettir@fjardarfrettir.is fyrir áramót.

Dregið verður úr réttum lausnum og verðlaun veitt.



nettó

Jóla kjötið færðu í Nettó



Hangiframpartur

úrbeinaður - Kjötssel

2.294 KR
KG

Áður: 2.798 kr/kg




Hangilæri

úrbeinað - Kjötssel

2.962 KR
KG

Áður: 3.798 kr/kg



Viltu hafa það
hefðbundið
um jólin...

Kalkúnn heill

Frosinn - Allar stærðir

998 KR
KG ❄️



Hamborgarhryggur

snyrtur og úrbeinaður - Kjötssel

1.739 KR
KG

Áður: 2.898 kr/kg



40%



Rjúpubringur

400 gr.

1.998 KR
PK

Áður: 2.367 kr/pk



Hangilæri

með beini - Kjötssel

2.146 KR
KG

Áður: 2.384 kr/kg



Bayonneskinka

Kjötssel

1.198 KR
KG

Áður: 1.996 kr/kg



40%



Okkar Laufbrauð

8 stk.

1.094 KR
PK

Áður: 1.367 kr/pk



Humar

án skeljar 800 gr. poki.

2.999 KR
PK ❄️

Áður: 4.998 kr/pk



HS Skelbrot

blandað - 1 kg

3.469 KR
KG

Áður: 3.895 kr/kg



Hamborgarhryggur

KEA

1.798 KR
KG

Nettó Hafnarfirði | Miðvangi 41 | Tilboðin gilda 21. - 24. desember 2016

Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



GOÐI

Hátíðarlambalæri

Hátíðarlambalæri marinerað - Goði

1.594 KR
KG

Áður: 1.898 kr/kg



...eða viltu
hafa það
framandi



Hreindýralundir

7.910 KR
KG

Áður: 8.989 kr/kg



Kalkúnabringur

Erlendar

2.098 KR
KG

Áður: 2.498 kr/kg



Nautalundir

Danish Crown 1,2 - 1,5 kg.

3.438 KR
KG

Áður: 4.298 kr/kg



Goði Pítubuff

með 6 brauðum

1.278 KR
PK

Áður: 1.598 kr/pk



Only Jólakútur

Súkkulaði 400 gr.

498 KR
PK



Annas Piparkökuhus

300 gr.

395 KR
STK

Áður: 599 kr/pk

34%

Opnun verslana yfir hátíðarnar

	23.12	24.12	25.12	26.12	27.12 - 29.12	30.12	31.12	01.01	02.01
Verzlun:	Þorláksmessa	Aðfangadagur	Jóladagur	2. í jólum			Gamlársdagur	Nýársdagur	
Höfuðborgarsv:									
Grandi	24 klst	- 13:00	Lokað	Opnar 10:00	24 klst	24 klst	- 15:00	Lokað	Opnar 10:00
Mjódd	24 klst	- 13:00	Lokað	Opnar 10:00	24 klst	24 klst	- 15:00	Lokað	Opnar 10:00
Hafnarfjörður	10:00 - 23:00	10:00 - 13:00	Lokað	10:00 - 21:00	10:00 - 21:00	10:00 - 22:00	10:00 - 15:00	Lokað	10:00 - 21:00
Búðakór	10:00 - 23:00	10:00 - 13:00	Lokað	10:00 - 21:00	10:00 - 21:00	10:00 - 22:00	10:00 - 15:00	Lokað	10:00 - 21:00
Salavegur	10:00 - 23:00	10:00 - 13:00	Lokað	10:00 - 21:00	10:00 - 21:00	10:00 - 22:00	10:00 - 15:00	Lokað	10:00 - 21:00
Norðurland:									
Glerártorg	10:00 - 23:00	10:00 - 13:00	Lokað	Lokað	10:00 - 19:00	10:00 - 22:00	10:00 - 15:00	Lokað	10:00 - 19:00
Hrísalundur	10:00 - 23:00	10:00 - 13:00	Lokað	Lokað	10:00 - 21:00	10:00 - 22:00	10:00 - 15:00	Lokað	10:00 - 21:00
Húsavík	10:00 - 23:00	10:00 - 13:00	Lokað	Lokað	10:00 - 19:00	10:00 - 22:00	10:00 - 15:00	Lokað	10:00 - 19:00
Suðurland:									
Krossmói	10:00 - 23:00	10:00 - 13:00	Lokað	Lokað	09:00 - 20:00	10:00 - 22:00	10:00 - 15:00	Lokað	09:00 - 20:00
Grindavík	10:00 - 23:00	10:00 - 13:00	Lokað	Lokað	10:00 - 19:00	10:00 - 22:00	10:00 - 15:00	Lokað	10:00 - 19:00
Iðavellir	10:00 - 23:00	10:00 - 13:00	Lokað	Lokað	10:00 - 21:00	10:00 - 22:00	10:00 - 15:00	Lokað	10:00 - 21:00
Selfoss	10:00 - 23:00	10:00 - 13:00	Lokað	Lokað	10:00 - 21:00	10:00 - 22:00	10:00 - 15:00	Lokað	10:00 - 21:00
Austurland:									
Egilsstaðir	10:00 - 23:00	10:00 - 13:00	Lokað	Lokað	10:00 - 19:00	10:00 - 22:00	10:00 - 15:00	Lokað	10:00 - 19:00
Höfn	10:00 - 23:00	10:00 - 13:00	Lokað	Lokað	10:00 - 19:00	10:00 - 22:00	10:00 - 15:00	Lokað	10:00 - 19:00
Vesturland:									
Borgarnes	10:00 - 23:00	10:00 - 13:00	Lokað	Lokað	10:00 - 19:00	10:00 - 22:00	10:00 - 15:00	Lokað	10:00 - 19:00

Óskum bæjarbúum glédilegra jóla og farsæls nýs árs!



gaflara
LEIKHÚSIÐ

Víkingastræti 2 • www.gaflaraleikhusid.is



Gaflarar
RAFVERKTAKAR

Lónsbraut 2 • www.gaflarar.is



Gaman
Ferðir

Bæjarhrauni 14 • www.gaman.is



GS
SKERPING

571 9974 - Melabraut 26 - www.gsskerping.is



GUNNARS
1960

Dalshrauni 7 • www.gunnars.is



HAFÁS
RAFSTÖÐVAR EHF.

Rauðhelli 9 • 5654069



Hafnarborg

Strandgötu 34 • www.hafnarborg.is



HAFNARFJARÐARHÖFN
www.hafnarfjardarhofn.is



HAGMÁLUN
ÖLL ALHLÍÐA MÁLNINGARVINNA

SIGURJÓN EINARSSON, MÁLARAMEISTARI
SÍMI 894 1134 - HAGMALUN@SIMNET.IS



HAGSTÁL ehf.

Brekkutröð 1 • sími 565 1944



HAUKAR

Ásvöllum • www.haukar.is



HB
BÚÐIN

Reykjavíkurvegi 66 • sími 555 0070



Heimir og Jens ehf.
pípulagningameistarar

Heimir sími 892 8607, Jens sími 898 0053



das HRAFNISTA

Reykjavík 1 Hafnarfjörður
Kópavogur 1 Reykjavík

Hraunvangi 7 • www.hrafnista.is



HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is




HVALUR hf.

Reykjavíkurvegi 48



HÖNNUNARHÚSIÐ ehf.

Bæjarhrauni 2 • sími 565 4513



IDN VÉLAR

Smiðjuvegi 44-46, Kóp. • www.idnvelar.is



UTHALO.IS

IronViking ehf. • Flatahrauni 31



ÍBÍ
ÍÞÓTTABANDLAG
HAFNARFJARÐAR

Strandgötu 50 • www.ibh.is



VÖRUHÚS

Miðhelli 5 • sími 517 2400



Jón Bókari
Jón Helgi Óskarrson,
viðurkennur bókari

Alþjóðaviðskipti ehf.
Cuxhavengötu 1, 220 Hafnarfirði
s. 552-8771 og 697-8771
bokhald@jo.is



PRESTIR
1912

Flatahrauni 21 • www.threstir.is



KFC

Hjallahrauni 15 • www.kfc.is

FJARÐAR fréttir

óska þér og þínum
glédilegra jóla!

Jólasveinninn á Byggðasafninu

Óttalegur klaufi og vissi ekki hvernig átti að nota stól

Árlega koma leikskólabörn úr leikskólum Hafnarfjarðar og víðar til að skoða hús Bjarna riddara sem er hluti af húsakosti Byggðasafns Hafnarfjarðar við Vesturgötu. Þar fá þau að heyra fróðleik um heimilishald fyrri alda en ekki síst að hitta gamaldags íslenskan

jólasvein. Hann vakti heldur betur kátinu þegar börn úr Stekkjarási komu í heimsókn. Gekkt honum illa að finna út úr því hvernig nota ætti stól og hurfu börnin stundum þegar hann reyndi að setjast. Hafði hann þá sest ófugt á stólinn.



Fengu börnin óskakerti að gjöf í lok heimsóknarinnar.



Fargjöld hækka um 4-4,8%

Á fundi stjórnar Strætó bs. 9. desember sl. var samþykkt að hækka gjaldskrá Strætó í takt við almenna verðlagshækkun á rekstrarkostnaði Strætó. Í rekstri Strætó vegur launakostnaður og olíuverð um 70% af heildar rekstrarkostnaði. Fyrirséð er 10% hækkun launa á næsta ári og þjóðhagsspá spáir allt að 15% hækkun á olíuverði.

Almennt staðgreiðslugjald og stakt fargjald í appinu verða 440 kr., sem er hækkun um 4,8%, en staðgreiðsla og stakt fargjald í appinu fyrir börn yngri en 18 ára, aldraða og öryrkja verða óbreytt. Önnur fargjaldaform eins og farmiðar og kort hækka í kringum 4,0%.

NÝ GJALDSKRÁ STRÆTÓ MUN TAKA GILDI 3. JANÚAR 2017

Í eigendastefnu Strætó sem samþykkt var í apríl 2013 kemur fram að stefnt skuli að því að fargjaldatekjur standi undir allt að 40% af almennum rekstrarkostnaði Strætó. Í dag standa fargjaldatekjur undir um 32% af almennum rekstrarkostnaði félagsins.

Upplýsingar um nýja gjaldskrá er að finna á vefnum www.straeto.is



Lokkar: 19.900



Hringur: 29.900

Men: 29.900



Hvað heita húsin í bænum?

Raðaðu saman nöfnum og myndum af gömlum húsum í Hafnarfirði

Hafnarfjörður var í landnámi Ásbjarnar Özurarsonar, bróðursonar Ingólfs Arnarsonar ef marka má Landnámu. Þar segir að Ásbjörn hafi numið land milli Hraunholtslækjar [nú í Garðabæ] og Hvassahrauns, allt Álftanes og bjó á Skúlastöðu. Enginn veit hvar sú jörð var en getgátur hafa verið uppi um að það sé þar sem Garðar á Álftanesi eru nú. Lítið er vitað um lífið í Hafnarfirði fram til upphafs 15. aldar er skreið varð efnisóttasta útflutningsvara Íslands. Þá hófu

Englendingar siglingar hingað og verslun og þar á eftir Hansakaupmenn. Í einokunarversluninni 1602-1787 var Hafnarfjörður einn helsti verslunarstaðurinn á Íslandi. Árið 1736 lagði Hans Becker lögmaður til að stofnaðir yrðu 5 kaupstaðir á landin, í Hafnarfirði, á Grundarfirði, Ísafirði, Akureyri og Reyðarfirði. Hafnarfjörður skyldi verða höfuðstaður landsins. Úr því varð ekki ekki síst vegna mótmæla Skúla Magnússonar sem valdi Innréttingunum stað í Reykjavík. Fékk Reykjavík kaup-

staðarréttingi 1786 en Hafnarfjörður ekki. Þrátt fyrir mikla verslun fékk Hafnarfjörður svo ekki verslunarréttindi fyrr en árið 1908.

Götur í Hafnarfirði voru lengst af ekkert annað en troðningar í hrauninu og samgöngur milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar voru fram á tuttugustu öldina frekar erfiðar.

Húsin í Hafnarfirði voru því sjaldan í beinum línunum enda byggt þar sem hægt var að koma fyrir húsi í hrauninu. Húsin voru gjarnan kennd við eigendur

sína og mörg nöfnin hafa haldist við húsin alla tíð síðan. Hins vegar hafa allt of mörg hús verið rifin, alveg fram á 21. öldina.

RAÐAÐU RÉTTI!

Raðaðu nöfnunum við rétt mynd: Blöndalshús, Brautarholt, Bungalow, Deild, Gerði, Gestshús, Gúttó, Hábaer, Litli Klettur, Melshús, Stefánshús, Sýslumannshúsið, Þórsmörk, Ekkert nafn. Réttar lausnir verða birtar á www.fjardarfrettir.is um áramót.



NAFN

Ljóm.: Guðni Gíslason



NAFN

Ljóm.: Guðni Gíslason



NAFN

Ljóm.: Guðni Gíslason



NAFN

Ljóm.: Guðni Gíslason



NAFN

Ljóm.: Guðni Gíslason



NAFN

Ljóm.: Guðni Gíslason



NAFN

Ljóm.: Guðni Glásson

Ljóm.: Guðni Glásson



NAFN

Ljóm.: Guðni Glásson



NAFN

Ljóm.: Guðni Glásson

Ljóm.: Guðni Glásson



NAFN

Ljóm.: Guðni Glásson



NAFN

Ljóm.: Guðni Glásson

Ljóm.: Guðni Glásson



NAFN

Ljóm.: Guðni Glásson



NAFN

Ljóm.: Guðni Glásson

Ljóm.: Guðni Glásson



NAFN

Ljóm.: Guðni Glásson

Óskum bæjarbúum glédilegra jóla og farsæls nýs árs!



Kjötkompaní
Dalshrauni 13 • www.kjotkompani.is



**Krabbameinsfélag
Hafnarfjarðar**



KUBBUR
Umhverfið er okkar
www.kubbur.is



KÆNAN
Óseyrarbraut 2 • www.matbaer.is



Landsbankinn
Fjarðargötu 9 • www.landsbankinn.is



**LEIKFÉLAG
HAFNARFJARÐAR**
www.leikhaf.is



**HLAÐBÆR
COLAS**
Gullhelli 1 • www.colas.is



**Músik
og Sport**
www.musikogsport.is
Reykjavíkurvegi 60 • sími 555 2887



Ninö
Dýralæknamiðstöðin
Gráfarholti
Molakot, hundasnyrting
Lækjargötu 34 • sími 533 2700



NONNI GULL
Handverk í sérflökki
Strandgötu 37 • www.nonnigull.is



**PÍPULAGNIÐ
SAMÚELS & KÁRA EHF**



RAFPÓLERING EHF
Yfirborðsméðhöndlun á ryðfni stáli
www.rp.is
Stapahrauni 3b • www.rafpol.is



RAFRÚN EHF
Gjótuhrauni 8 • www.rafrun.is



Rauði krossinn
Hafnarfirði og Garðabæ
Strandgötu 24 • sími 565 1222



SALTKAUP H/F
Cuxhavengötu 1 • www.saltkaup.is



Samfylkingin
Strandgötu 43 • www.xshafnarfjordur.is



**SBJ
RETTINGAR**
Kaplahauni 12 • sími 555 2007



DB SCHENKER
Fornubúðum 5 • sími 571 4600



Sigga
Ljósmyndari
Ljósmyndastofan
5447800 / 8621463
siggaljosmyndari.is



**Sjálftæðisflokkurinn
í Hafnarfirði**



SKOLAR
www.skolar.is



Snyrtistofa Rósu
Fjarðargötu 13-15 Sími 555 2056



SVH
Flatahrauni 29 • www.svh.is



STEYPUSTÖÐIN
STERKARI LAUSNIR
www.steypustodin.is

FJARÐAR fréttir óska þér og þínum glédilegra jóla!

Verðlaunasmásaga eftir Alexöndru K. Hafsteinsdóttur sem var í 10. bekk í Víðistaðaskóla

Sama hvað

Pabbi og mamma sögðu okkur að setjast niður. Við þurftum að tala saman. Eins og við vissum öll átti mamma von á fjórða barninu sínu. Þau höfðu verið uppi á spítala að láta athuga hvort það væri ekki allt í lagi með barnið. Mamma hafði farið í mörg próf af öllum gerðum að ráði læknanna. Að lokum höfðu læknarnir tilkynnt að það væru miklar líkur á að barnið þeirra yrði fatlað á einhvern hátt. Downs-heilkenni líklegast.

Þeir buðu mömmu að fara í fóstureyðingu en hvorki hún né pabbi tóku það í mál. Þetta var ennþá barnið þeirra þrátt fyrir allt og þau mundu elska það alveg sama hvað. Ekki nokkur lifandi manneskja ætti að eyða föstri bara því það var ekki fullkomið. Einn læknirinn reyndi að réttlæta gjörðir þess fólks sem það hafði gert. Ekki væru allir tilbúnir til að eiga fatlað barn og sumir vildu bara koma í veg fyrir að barnið þeirra þjáðist.

En mömmu fannst að þeir sem voru ekki tilbúnir að elska annað en fullkomið barn, hefðu engan rétt á því að verða foreldrar. Og ef barninu var sýnd ást og umhyggja þurfti það ekki að þjáast meir en annað fólk. Allir í þessum heimi þjáast og það er engin leið að koma í veg fyrir það. Það eina sem er hægt að gera er að hjálpa fólki í gegnum það sem það þjáist fyrir. En að taka saklaust líf var aldrei rétt og engin leið að réttlæta það.

Læknarnir létu mömmu og pabba vita að hún þyrfti að mæta reglulega í skoðun til þeirra eftir þetta.

STANDA SAMAN OG ELSKA ÞAÐ ALVEG SAMA HVAD

Við þurftum að vera tilbúnir að taka á móti fötluðu barni í fjölskylduna okkar. Standa saman og hjálpa því og elska það alveg sama hvað.

Ég sat hljóður og starði fram fyrir mig, óviss um hvað mér átti að finnast. Fyrir nokkru síðan hafði ég heyrt foreldra mína ræða saman um strák sem þau þekktu.

„Vissirðu að drengurinn hennar Dagnýjar er hommi? Hann kom víst út úr skápnum í mars,“ heyrði ég mömmu segja.

„Þetta er tóm vitleysa í drengnum. Hann hefur aldrei verið neitt hommalegur; rosaalega góður fótboltamaður og allt. Þetta er bara í tísku hjá unga fólkinu í dag. Hann sækist bara eftir athygli, heldur að hann fái hana á þennan hátt. Við getum þakkað fyrir að eiga ekki börn eins og hann.“

Mikið hafði hann elskulegi faðir minn haft rangt fyrir sér. Reiðin sauð í mér, en ég sagði ekki neitt. Hvað átti ég að segja? Pabbi mundi ekki hlusta á mig hvort eð er. Hann nefnilega hafði alltaf rétt fyrir sér alveg sama hvað, hann pabbi minn. En hvornig honum datt í hug að þetta „væri í tísku hjá unga fólkinu í dag“ fannst mér fjaránlegt. Ástæðan fyrir því að fólk kom út úr skápnum í auknum mæli var sú að loksins var önnur kynhneiging en gagnkynhneigð opinberlega samþykkt af íslenska samfélaginu. Þetta var ekki ákvörðun sem fólk tók til að fá athygli. Enginn vildi hætta á að verða óvelkomin í fjölskylduna sína eða vinahóp því þau voru „öðruvísi“.

En ég hélt að kannski væri kominn tími til að gera þetta opinbert fyrir þeim. Núna meðan þau töluðu um að þau mundu elska barnið sitt alveg sama hvað. Ég fékk kjark til að gera eitthvað sem ég hafði aldrei getað hugsað mér áður.

ÞAÐ MÁ EKKI VERA

Ég var samt í nokkrar vikur að byggja upp hugrekkið til þess. En þegar ég loksins sagði þeim það neituðu þau að trúa mér. „Það má ekki vera“, sögðu þau. „Við öllum þig ekki upp á þennan hátt Kristinn, af hverju gerirðu okkur þetta?“

Ég reyndi að samnfæra þau um að ég hefði ekki tekið þessa ákvörðun sjálfur. Enginn ákvað þetta bara. Þetta var partur af mér sem ég gat ekki bara skorið út og hent frá mér. Þau hótuðu að fara með mig í kirkju og láta prestinn



Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra afhendir Alexöndru verðlaun fyrir bestu smásöguna í tengslum við Stóru upplestrarkeppnina.

særa þetta út úr mér. Hvaða djöfulsins andatrú var þetta maður? Hvað héldu þau eiginlega að ég væri? Við rifumst, það var öskrað, grátið, hurðum var skellt. Ég endaði á því að troða sokkum og nærbuxum og nokkrum bolum og buxum í poka og ætlaði út úr húsi. En Emilía og Þórir Óli stöðvuðu mig.

„Kristinn ekki fara frá okkur!“, sagði Emilía með kökkinn í hálsinum.

„Af hverju ertu að fara?“, sagði Þórir Óli þrumu lostinn.

„Ég get ekki verið hérna lengur. Foreldrar okkar vilja ekki hafa einhvern eins og mig í þessari fjölskyldu.“ Það sem mér fannst allra verst við þetta allt var ekki tilfinningin að ég hefði verið svikinn heldur tárin sem runnu niður kinnarnar á litlu systur minni.

„En hvað meinarðu? Ertu eitthvað öðruvísi?“, sagði Þórir Óli. „Þau vilja ekki eiga samkynhneigðan son.“

FORDÓMAFULLIR FÁVITAR!

Ég gat ekki horft framan í saklaust andlitið sem auðvitað skildi ekki neitt. Þórir Óli horfði spurnaraugum á systur sína og hún útskýrði fyrir honum hvað það var í gegnum tárin.

„En af hverju skiptir það máli hvort Kristinn eigi kæresta eða kærustu? Af hverju þarf hann að fara?“

Mamma og pabbi komu til okkar. Mamma strauk Emilíu um hárið en hún kipti sér í burtu.

„Því pabbi og mamma eru fordómafullir fávitar!“, snökti hún.

„Emilía!“ kvað í mömmu en Emilía hélt áfram að tala.

„Þið komið til okkar og talið við okkur og segið okkur að þótt barnið verði fatlað eigum við að elska það eins og það er alveg sama hvað og að þeir sem eru ekki tilbúnir að elska börnin sín eins og þau eru eiga ekki skilið að vera foreldrar. Og svo neitið þið að samþykkja Kristinn eins og hann er; bara því þið hafði einhverja fávísa

hugmyndafræði um að það sé rangt að vera samkynhneigður. Þið hafði engan rétt á að vera foreldrar okkar allra! Ef þið ætlið að reka eina stóra bróður minn hédan þá fer ég líka og Þórir Óli líka!“

Það kom mér svolítið á óvart að stór orð eins og „fávísi“ og „hugmyndafræði“ gætu komið frá þrettán ára barni. En Emilía var gáfaðasta manneskja sem ég þekkti. Það var sama hversu vel þú þekktir hana, hún gat alltaf komið þér á óvart.

VIÐ MUNUM ELSKA ÞIG ALVEG SAMA HVAD

Mamma og pabbi störfu þrumu lostin á einu stelpuna þeirra. Ég efaðist um að það gæti eitthvað orðið úr hótunum hennar um að fara að heiman því við höfðum engan stað að fara á, en þetta hræddi móður okkar samt.

„Hvers konar móðir er ég eiginlega?“ hvíslaði hún og brast í þungan grát. „Ég röfla og rif kjáft við hvern þann sem segir mér að fara í fóstureyðingu því ég hef lofað sjálfri mér að elska börnin mín sama hvað en ég var næstum búin að henda þér hédan út.“

Hún kastaði sér utan um mig og grét sáran. Þó átti hún erfitt með að komast að fyrir bumbunni.

Hún togaði hin börnin sín til okkar og pabbi kom og tók utan um okkur öll.

„Kristinn minn, við munum elska þig alveg sama hvað. Við munum elska ykkur öll alveg sama hvað.“

„Hvað v-æri þessi fjölskyldu án Emilíu okkar?“ sagði mamma í gegnum þungan hiksta.

„Þið hefðuð engan Kristinn hjá ykkur lengur án mín“, sagði hún og brosti.

Ég man eftir þessum degi sem Daginn sem ég áttaði mig á því hversu mikil hamingja getur komið frá verstu upplifunum lífs þíns.



Hrönn Bergþórsdóttir, skólustjóri Víðistaðaskóla, Illugi Gunnarsson, menntamálaráðherra, Þórdís Mósedóttir íslenskukennari og Alexandra K. Hafsteinsdóttir við lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar í Hafnarborg í vor.

Héldu bingó og gáfu 214 þúsund krónur

10. bekkingar í Viðistaðaskóla og fleiri héldu árlegt jólabingó í skólanum og styrktu Mæðrastyrksnefnd

Nemendafélag Viðistaðaskóla, nemendur í 10. bekk og starfsmenn félagsmiðstöðvarinnar Hraunsins héldu hið árlega jólabingó skólans til styrktar þeim sem á þurfa að halda. Þetta árið ákvæðu nemendur að safna fyrir Mæðrastyrksnefnd Hafnarfjarðar.

Þéttsetið var í sal skólans og spennan var mikil þegar tölum var lesnar end margir glæsilegir vinningar í boði sem fjölmörg fyrirtæki í bænum höfðu af mikilli góðmennsku gefið.

Það voru því stoltir nemendur sem afhentu fulltrúa Mæðrastyrksnefndar 214 þúsund krónur sem voru afrakstur bingósins.



Ljóm: Guðni Gíslason



Þátttakendur voru á öllum aldri.



Þétt var setið í sal Viðistaðaskóla.

Hafnarstarfsmenn halda tengslum

Árlega er þeim starfsmönnum sem unnið hafa hjá Hafnarfjarðarhöfn og lokið hafa störfum boðið í kakó og rjúkandi vöflur á aðventunni. Það var hafnarstjórinn og bakarinn Lúðvík Geirsson sem tók á móti gestum með rjúkandi vöflum sem hann að sjálfsögðu

bakaði sjálfur. Þarna voru tveir fyrrverandi hafnarstjórar og margir fleiri sem ennþá kíkja við á höfninni og fylgjast með hvort ekki sé allt í lagi. Höfðu þeir um nóg að spjalla en allt voru þetta karlar fyrir utan Valgerði Sigurðardóttur fyrrum formann hafnarstjórnar.



Gömlu hafnarstarfsmennirnir höfðu um nóg að spjalla.

Aðsend grein

Jólakveðjur

Haustið hefur verið viðburðaríkt. Eftir snarpa kosningabaráttu náði Viðreisn 7 fulltrúum á þing úr fimm kjördæmum af sex. Samtals féllu 10,5% atkvæða í skaut Viðreisnar. Bestur árangur náðist hér í Suðvesturkjördæmi, tæp 13% atkvæða og tveir þingmenn. Fyrir þetta mikla traust erum við þakklát og munum leggja okkur fram um að



Jón Steindór Valdimarsson



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir

standa undir væntingum kjósenda okkar. Auðvitað berum við hag landsmanna allra fyrir brjosti en gerum okkur góða grein fyrir sérstökum skyldum okkar við kjósendur og íbúa í kjördæmi okkar.

Þegar þetta er ritað liggur ekki fyrir hvaða ríkisstjórn tekur við stjórnartauum og ekki heldur hvort Viðreisn á aðild að henni. Viðreisn hefur á hinn bóginn lagt sig fram í tilraunum til stjórnarmyndunar bæði til hægri og vinstri. Málefnið hafa ráðið för hjá okkur í þeim öllum en við erum að

sjálfsögðu meðvituð um nauðsyn málamiðlana þegar margir koma að samningaborði. Okkar mat er að allar þessar viðræður hafi skilað vissum árangri og við erum vongóð um að þessi samtöl geti leitt til aukinnar samvinnu og betri vinnubragna á Alþingi. Það yrði til hagsbóta fyrir fólk í Kraganum sem annars staðar. Viðreisn og Björt fram-

tíð hafa átt farsæld samstarf í þessum viðræðum. Þótt flokkarnir séu ólíkir þá hafa menn sammælt um að ýta undir og styrkja frjálslyndið með nánu samstarfi í gegnum stjórnarmyndunarviðræður. Það er ný nálgun.

Við horfum bjartsýn fram á veg og hlökkum til þess að láta til okkar taka og eiga við ykkur gott samstarf á komandi ári.

Með ósk um gleðileg jól og farsæld á komandi ári.

Þorgerður Katrín og Jón Steindór.

ÍÞRÓTTA- OG VIÐURKENNINGAHAÁTÍÐ HAFNARFJARÐAR 2016

Íþróttakona og íþróttakarli Hafnarfjarðar

Íþróttahúsinu við Strandgötu miðvikudaginn 28. desember 2016 kl. 18.

Hafnarfjarðarbær afhendir viðurkenningar til hafnfirskra íþróttamanna; Íslandsmeistara, hópa bikarmeistara, Norðurlandameistara og vegna sérstakra afreka. Þá er lýst vali á íþróttakonu og íþróttakarli Hafnarfjarðar á árinu 2016.

Dagskrá hátíðarinnar:

- samkoman sett
- viðurkenningar til þeirra sem urðu Íslandsmeistarar 2016
- viðurkenningar til þeirra sem urðu bikarmeistarar 2016
- viðurkenningar vegna sérstakra afreka á árinu 2016
- afhending ÍSÍ bikars
- afhending viðurkenningarstyrkja til íþróttafélaga
- úthlutun styrkja vegna íþróttastarfs 16 ára og yngri
- undirritun samnings milli Hafnarfjarðarbæjar, ÍBH og Rio Tinto vegna íþróttastarfs 16 ára og yngri
- viðurkenning til „Íþróttaliðs ársins“ 2016
- viðurkenningar til þeirra hafnfirsku íþróttamanna sem skara fram úr og eru hvetjandi fyrir ástundun íþróttar
- lýst kjöri „Íþróttakonu og íþróttakarls Hafnarfjarðar“ 2016
- veitingar

Íþróttá- og tómsfundanefnd Hafnarfjarðar



Tilnefnd til íþróttakonu og íþróttakarls Hafnarfjarðar:

Akstursíþróttir

Aron Jarl Hillers, AÍH

Dans

Níkíta Bazev, DÍH
Hanna Rún Bazev Óladóttir, DÍH

Fimleikar

Sigríður Hrönn Bergþórsdóttir, Björk

Frjálsíþróttir

Hilmar Örn Jónsson, FH
Arna Stefanía Guðmundsdóttir, FH

Golf

Axel Bóasson, Keilir
Guðrún Brá Björgvinsdóttir, Keilir

Handknattleikur

Einar Rafn Eiddsson, FH
Janus Daði Smáráson, Haukar
María Innes de Silva Perrera, Haukar

Knattspyrna

Davíð Þór Viðarsson, FH

Körfuknattleikur

Kári Jónsson, Haukar
Helena Sverrisdóttir, Haukar

Skotfimi

Helga Jóhannsdóttir, SÍH

Sund

Aron Örn Stefánsson, SH
Hrafnhildur Lúthersdóttir, SH

Þríþraut

Hjördís Ýr Ólafsdóttir, SH

Tilnefningar til íþróttaliðs ársins:

Meistaraflokkur karla og kvenna í frjálsum íþróttum FH
Meistaraflokkur karla í knattspyrnu FH
Meistaraflokkur karla í handknattleik Haukar

HAFNARFJARÐARBÆR
RÁÐHÚS HAFNARFJARÐAR
STRANDGÖTU 6

ÞJÓNUSTUVER
ÓPIÐ FRÁ KL. 8.00 – 16.00
ALLA VIRKA DAGA

585 5500
hafnarfjordur.is


HEILSUBÆRINN
Hafnarfjörður


HAFNARFJÖRÐUR

Óskum bæjarbúum glédilegra jóla og farsæls nýs árs!



Strendingur ehf.
verkfræðipjónusta

Fjarðargötu 13 • www.strendingur.is



Ásvöllum 2 • www.sh.is

Sýningaljós slf.



AÐALVÍK
899 7760 & 898 8246
BYGGINGAVERKTAKAR
Hjallhrauni 7 • sími 555 2348



Tuk Tuk
thai

Fjarðargötu 19 • sími 519 8888



tul ehf
teiknistofan upp á lofti

Drangahrauni 8 • sími 565 1525



Bifreid.is
Varahlutaverzlun
Sérfræðingar í hjóskum bífeildum
Hjallhrauni 4 • 220 Hafnarfjarður • Sí: 555 0885

ÚR & GULL

Firði • Miðbæ Hafnarfjarðar • Sími: 565 4666



ÚTFARARSTOFA
HAFNARFJARÐAR

sími 565 5892 • www.utfararstofa.is

VALITOR

Dalshrauni 3 • www.valitor.is



Verkalýðsfélagið Hlíf

Reykjavíkurvegi 64 • www.hlif.is



VERSUS
BÍLAMÁLUN / RÉTTINGAR
SUDURHRAUNI 2 GARÐABÆ SÍMI 554 4060

VHE
VÉLAVERKSTÆÐI

Melabraut 23-25 • www.vhe.is



**VINSTRI
GRÆN**

Hafnarfirði • www.vg.is



Garðavegi • www.vidistadakirkja.is

MATHÚS BAR

VON

Strandgötu 75 • www.vonmathus.is

VSB
VERKFRÆÐISTOFA

Bæjarhrauni 20 • www.vsb.is



WÜRTH

Flatahrauni 31 • www.wurth.is



SNÝRTISTOFAN ÞEMA
Dalshrauni 11 S. 555-2215



**SKÓLA
MATUR**
Hollt, gott og heimilislegt

sími 420 2500 • www.skolamatur.is



HREYFÖLL
5 88 55 22



Píratar
í Hafnarfirði

www.piratar.is



HLAUPAHÓPUR

www.hhfh.is • Hlaupahópur FH á Facebook



Skátafélagið
Hraunbúar

www.hraunbuar.is • Líka á Facebook

FJARÐAR fréttir

óska þér og þínum
glédilegra jóla!

Jólasveinn í sunnudagaskólanum

Fjölmennt á sunnudagaskóla í Jólaborpinu

Ríningunni hvolfði niður skömmu áður en sunnudagaskóli Frikirkjunnar hófst á Thorsplani sl. sunnudag. En það var sem við manninn mælt að ekki kom dropi úr lofti á meðan hann stóð yfir.

Hljómsveit lék og sungur voru sálmar og jólalög og ungir sem aldnir dönsuðu í kringum jólatréð og unga fólkíð gladdist sérstaklega yfir komu jólasveinsins.



Fjölmennt var í jólasunnudagaskóla Frikirkjunnar á Thorsplani.



Kanski best að halda sig í öruggri fjarlægð frá jólasveinum.



Ljóm.: Guðni Gleason

Ertu í fasteignahugleiðingum?

Vantar allar gerðir eigna á skrá! **Frítt söluverðmat**

„Minn metnaður er heiðarleiki, vönduð vinnubrögð og persónuleg þjónusta“

Ársæll Steinmóðsson
aðstoðarmaður fasteignasala

RE/MAX
FJÖRÐUR

sími 896 6076
as@remax.is



Ársæll Steinmóðsson
aðst.m. í lögg.námi



Páll B. Guðmundsson
löggitur fasteignasali

Lækjargötu 34d, Hafnarfirði, sími 519 5900

Allir í dans

Kennsla hefst laugardaginn 7. jan.

Street Jazz - Freestyle

Rosa stuð fyrir 7 - 11 ára & 12 - 16 ára 2x í viku

Samkvæmisdansar

Barna- og unglingahópar

Hjóna- og parahópar

Byrjendur og framhald

Keppnishópar

í samkvæmishópum

Jazzleiksskólinn

3. - 4. ára. Kennst á laugardögum

Salsa

Hjóna- og einstaklingshópar

Break - Hip Hop

Topp kennarar með góða reynslu

Innritun
og upplýsingar á
www.dih.is
sími: 861-6522



Kennslustaðir:

Haukakraun 1 og Íþróttahús Setbergsskóla, 220 Hafnarf.



Dansíþróttafélag
Hafnarfjarðar

Haukakraun 1 - Hafnarfirði - www.dih.is - dihdans@simnet.is

Svipmyndir frá aðventunni í Hafnarfirði



Lýsam.: Guðni Gíslason



Lýsam.: Guðni Gíslason

Á tónleikum kórs Frikirkjunnar í Hafnarfirði.



Lýsam.: Guðni Gíslason

Sönghópurinn Töfratónar í Ástjarnarkirkju.



ATVINNA

Fjörúkráin og Hótel Víking

leita að ábyrgum og metnaðarfullum einstaklingi í gestamóttöku á hótelinu.

Skemmtilegt og fjölbreytt starf, fullt starf í boði en hægt að semja um vaktir eins og hentar best.

Helstu verkefni:

- Bókanir og svörun á tölvupóstum
- Innskráning og þjónusta við gesti
- Reikningar og dagsuppgjör
- Símsvörun
- Sala minjagripa og sala í ferðir

Hæfniskröfur:

- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Stundvísi og reglusemi
- Góð íslensku- og enskukunnátta skilyrði
- Reynsla af sambærilegum störfum æskileg
- Fagmannleg framkoma og snyrtimennska
- Önnur tungumál kostur

Áhugasamir geta sent tölvupóst með ferilskrá á birna@fjorukrain.is



Lýsam.: Guðni Gíslason

Ungur skáti tendrar Friðarlogann frá Betlehem.

Hrannar og Ævar hnífjafnir á toppnum

Sextíu og fjórir stúdentar útskrifuðust frá Flensborgarskólanum sl. laugardag.

Það gerðist aðra útskriftina í röð að tveir stúdentar voru hnífjafnir á lokaekinn og töldust báðir stúdentar. Þetta voru þeir Hrannar Björnsson og Ævar Örn Bergsson.

STOLT AF ÁHERSLUM SKÓLANS

Í ávarpi sínu lagði nýstúdentinn, Ingibjörg Þórðardóttir, áherslu á það hve stolt hún væri af áherslum skólans í jafnréttismálum, gagnvart fjölbreytni mannlífsins og stuðningi hans við nemendur sína. Þá tilkynntu nýstúdentar að þeir hefðu gefið peninga til Mæðrastyrsnefndar í nafni skólans.

RÆÐA ÞARF TILGANG SKÓLASTARFS

Í ræðu sinni vék Magnús Þorkelsson, skólameistari að meðal annars Pisa könnuninni nýtkommu og heilsteypti umræðu um skólastarf og hlutverk

þess. Hann sagði m.a.: „Það er ekki nóg að ræða niðurstöðurnar í nokkra daga. Við þurfum að ræða skólamá, tilgang skólastarfs og inntak skólastarfs. Ræða hlutverk skóla, hlutverk kennara og hlutverk heimila gagnvart skólunum. Þá þarf ekki síst að ræða hvaða kröfur er rétt að gera til kennara og skóla. Ef við gerum ekkert í málinu þá endurtökum við umræðuna um Pisa árið 2019.“

Hann sagði einnig í lok ræðu sinnar: „Ég nefndi það áðan að ég saknaði umræðu um skólamá. Eiginleg skólamá. Inntak starfsins og tilgang. Ekki einungis fjármál og kerfi og Pisa. Það er oft talað um kostnað af skólastarfi þegar peningar eru settir í aðra hluti en steypu. En það er talað um fjárfestingar t.d. þegar keyptir eru togarar, breiðbotur eða þegar verslunarhús eru reist. Við þurfum að ræða um pólitík og tilgang skólastarfs, hugarfar skólastarfs, náms-

skipan, ígrundun, núvitund, heilsu-eflandi framhaldsskóla og hvað á að kenna, - eða frekar hvað á að læra. Við þurfum t.d. að læra að gera mistök og læra af því að gera mistök. Við þurfum að ihuga hvernig við eflum gildi námsgreinanna í þessum ramma sem við sitjum inni í, hvort við viljum annan ramma og hvernig við notum námsgreinina ekki einungis til að læra hana sjálfa heldur einnig til að skynja það sem er gott og vont, hollt og óhollt, rétt og rangt í þessum flókna heimi okkar.

Stýrivextir og fjárfestingar í atvinnulífi eru góðra gjalda verðar en skólinn er líka fjárfesting. Við eigum að sjá skólann sem skapandi afl. Samfélagslega bætandi afl. Fólk sem er á flotta undan stríðum og náttúruhamförum er ávallt að reyna að tryggja börnum sínum betri aðstæður og þar með aðgang að skólum.“

LÁTID HJARTAÐ RÁÐA FÖR

Í lokaorðum sínum þakkaði hann stúdentum fyrir að hafa látið afgang af fjársöfnun vegna dimmissionar renna til Mæðrastyrsnefndar. Hann sagði svo m.a. „Munið bara að láta hjartað ráða för. Og munið að það er betra að vera fyrsta flokks útgáfa af sjálfum sér en að reyna að uppfylla drauma annarra án þess að langa það.“

Veljið með hliðsjón af væntingum ykkar, þess sem hjartað segir ykkur og munið að við verðum aldrei fullnuma og þess vegna leitum við áfram að því sem bætir líf okkar, en ekki síður líf annarra. Það er gaman að breyta heiminum, krefjandi en gaman.

Fjölmargir aðilar gáfu verðlaun og styrki við athöfnina en það voru: Hádegisverðarklúbburinn, Íslandsbanki, Góa, Embætti landlæknis, Rótarýklúbbur Hafnarfjarðar, Gámabjónustan og Danska sendiráðið.



Útskriftarnemendur Flensborgarskólans í desember 2016 ásamt skólameistara og aðstoðarskólameistara.

FJARÐAR fréttir
FRÉTTASKOT
 FRÉTTIR
 UM JÓL OG
 ÁRAMÓT
 Sendu fréttaskot á
 fjardarfrettir@fjardarfrettir.is
 ...eða notaðu formið á
www.fjardarfrettir.is

 Smelltu á
 LIKE

**Fjölbreytt tilboð
 sundnámskeiða**

Sundnámskeið fyrir börn 4-6 ára og 3-4 ára
 – Nýir hópar í Ásvallalaug og Suðurbæjarlaug

Sundkennsla og sundæfingar fyrir alla aldurshópa
Framhaldsnámskeið fyrir 3-4 ára og 5-6 ára
 – Sundhöllin, Ásvallalaug og Suðurbæjarlaug

Skriðsundsnámskeið fyrir fulloröna
 – Ný námskeið hefjast 2. febrúar og 7. mars

Allar upplýsingar um námskeiðin og innritun eru á heimasíðu SH www.sh.is

Sundfélag Hafnarfjarðar • Ásvallalaug • www.sh.is • sh@sh.is


**Skráðu þig
 og þína núna!**
RioTinto
 styrkir barna- og unglingsstarf SH

SMÁUGLÝSINGAR

Þjónusta

Tölvuástoð og viðgerðir

Viðgerðir og kennsla í tölvunotkun. Apple* & Windows. Kem í heimahúsi. Sími 824 9938 - hjalp@gudnason.is

Bílaþrif. Kem og sæki. Tjörhreinsun og bön verndar bílinn. Úrvals efni. Djúphreinsun. Hagstætt verð. Uppl. í s. 845 2100.

Tek að mér að færa yfir á (vídeó, slide, ljósmyndir) DVD diska eða flakkara. Sýnishorn á siggileifa.123.is sími 8637265 siggil@simnet.is, Sigurður Þorleifsson.

smáauglýsingar

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is
sími 565 3066

Verð 1.200 kr. m.v. hver 200 slög.
Myndbirting 1.200 kr.

Tapað-fundið og Gefins: FRÍTT

www.fjardarfrettir.is

Á DÖFINNI

Dansað í Hafnarborg

Stebbi Ó. og Swingsextett standa fyrir tónleikum og dansleik í Hafnarborg 29. desember nk. Hefjast tónleikar kl. 20.30 og er frítt inn. Sveifla og rokk í hæsta gæðaflokki

Gamlársbrenna

Haukar standa fyrir gamlársbrennu á Ásvöllum á gamlárskvöld og verður kveikt í brennunni kl. 20.

Hafnarborg

Í Sverrissal er sýningin Vor með portrettum Birgis Snæbjörns Bigissonar af þingmönnum. Í aðalsal safnsins er sýningin „Bygging sem vera og borgin sem svið“ þar sem Egill Snæbjörnsson er með innsetningu.

Sendið tilkynningar
um viðburði á

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Lausnir

Lausnir á gátum á bls. 13:

1. Ekið yfir hana
2. Bæði fyrir og eftir
3. Það verður fyrst að byggja, svo hægt sé að rífa
4. Hádegi eða síðdegi
5. Báðir eru föðraðir
6. Selvogsbanki
7. Báðir fæða lifandi afkvæmi
8. Hjólbörur
9. T.d. potturinn

Hver er ég?

Á hverju ári...: Afmælidagur

Aldrei er ég...: Kindahorn

Kerling ein á...: Varða

Hvað heiti ég?

Af höfuðfati...: Hettusótt

Hvalbein heimsóttu Hrafnistu

Hvalasýningin kynnti heimilisfólki sem ekki átt heimangegnt safnið



Starfsfólk Hvalasýningarinnar á Grandagarði mættu með hvalbein og ýmsa muni í menningarsalinn á Hrafnistu í Hafnarfirði fyrir skömmu. Sagði það frá safninu en ferðafært heimilisfólk fór í rútu á sýninguna, fékk þar leiðsögn og kaffi, allt í boði Hvalasýningarinnar.



Engin hætta var á ferðum og gestirnir pallrólegir.



Sami leiðsögumaður á Hrafnistu og á Hvalasýningunni.

Hafnarfjarðarbær sýkn af kröfum Sólvalla

Var samt ekki dæmdur málskostnaður

Héraðsdómur Reykjaness hefur sýknað Hafnarfjarðarbæ af öllum kröfum Sólvalla, sjálfseignarstofnunar um skaðabætur vegna missis hagnaðar vegna þeirrar ákvörðunar Hafnarfjarðarbæjar að falla frá forvalsferli um hjúkrunarheimili á Völlum 7. Til vara höfðu Sólvellir gert kröfur um að verða dæmdar 12,3 milljónir kr. auk vaxta og til þrautavara að verða dæmdar 2,6 millj. kr. auk vaxta.

Öllum þessum kröfum var hafnað af dómara.

Árið 2010 var óskað eftir umsóknum sjálfseignarstofnunar eða félags með staðfesta skipulagsskrá að sjá um hönnun, byggingu og reksturs hjúkrunarheimilis á Völlum. Tveir aðilar töldust uppfylla kröfur forvalsins, Sólvellir ses og Umönnun ses. Síðar kom í ljós að verkþjónusta sem hafði unnið að gerð útboðsgagna var að hluta í eigu verkfræðistofu sem var samstarfsaðili Umönnunar ses. og kærðu Sólvellir þá ákvörðun Hafnarfjarðarbæjar að telja Umönnun ses hæfan aðila til að taka þátt í útboðinu. Úrskurðarnefnd útboðsmála dæmdi

Sólvöllum í hag og var tilboð umönnunar dæmt ógilt. Eftir sat þá aðeins eitt fyrirtæki og ljóst að tilgangslítið væri að bjóða verkið út til eins aðila.

Eftir langa bið var ákveðið í lok október 2012 að falla frá forvalsferlinu sem áður hafði verið lagt af stað með.

Við þetta vildu forsvarsmenn Sólvalla ekki una og var málið kært. Dómari taldi hins vegar að málefnaleg rök lágu fyrir ákvörðun Hafnarfjarðarbæjar að hætta við forvalsferlið þar sem með því væri samkeppni ekki tryggð. Útboð fór

því aldrei fram og stefnandi sendi aldrei inn tilboð í verkið. Vísaði dómari til 32. gr. laga nr. 84 frá 2007 og sagði að stefnda var heimilt en bar ekki skylda að til að láta fara fram útboði, taka við tilboði og gera við hann samning.

Dómari í málinu var Sandra Baldvinsdóttir en verjandi Hafnarfjarðarbæjar var Sigríður Kristinsdóttir bæjarlögmaður. Málskostnaður fellur niður sem þýðir að hvor um sig greiðir sinn lögfræðikostnað.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahrauni 5a, Hafnarfirði

Vaktsímar: 565 5892 & 896 8242 • www.utfararstofa.is • Allan sólarhringinn



Sverrir Einarsson



Kristín Ingólfssdóttir



Hilmar Erlendsson

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Gamlárstónleikaball í Hafnarborg

Tyllidagadansleikur Stebba Ó. og Swingsextett - Frítt inn

Þann 29. desember heldur Stebbi Ó. Swingsextett gamlárball upp á gamla mátann í Hafnarborg.

Swingsextettinn ætlar að opna lagabókina og leika allt það besta frá sveiflutónlist fjórða áratugarins, rokk-tónlist fimmta áratugarins og dægurtónlist héðan og þaðan, í spariútsetningum þeirra.

Undanfarið hefur Swingsextettinn verið iðinn við að spila fyrir dansara. Hæst ber að nefna Arctic Lindy hátíðina, og er því engin breyting á núna; dansgólfið verður galopið!

Það verður frítt inn á ballið. Því eru allir hvattir að mæta og hlýða á sveiflu og rokk í hæsta gæðaflokki hjá Stebba Ó. Swingsextett. Sveiflu sem hreinlega dregur fólk út á dansgólfið.

Húsið verður opnað kl. 20 og hefjast leikar um 20.30.

Hljómsveitina skipa: Stebbi Ó - básúna og söngur; Eiríkur Rafn - trompet og söngur; Björgvin Ragnar - saxófónn; Þröstur Þorbjörnsson - gítar; Jón Rafnsson - bassi og Erik Qvick - trommur.



Ljúffeng döðlukaka að hætti GOTT-hjónanna

Hjónin Berglind Sigmarsdóttir og Sigurður Gíslason sendu nýverið frá sér nýja matreiðslubók sem ber heitið GOTT-réttirnir okkar. Bækurnar þeirra Heilsuréttir fjölskyldunnar sem komu út fyrir nokkrum árum nutu fádæma vinsælda en Sigurður er þekktur matreiðslumaður sem unnið hefur á mörgum vinsælum veitingastaðum hérlendis sem erlendis og var í íslenska kokkalandslíðinu. Berglind hefur smitast af matargerðarástríðunni og starfað með honum við þá iðju, ekki síst við þróun nýrra uppskrifta og leggur hún sérstaka áherslu á hollustugildi matarins.

Þau bjuggu ásamt börnum sínum um árabíl í Hafnarfirði en fluttu síðan aftur



Hjónin Berglind og Sigurður.



tíl æskustöðvanna í Vestmannaeyjum þar sem þau bæði eru fædd og uppalin og stórfjölskyldan býr.

Fyrir þremur árum létu þau drauminn rætast um að reka eigin veitingastað þegar GOTT var opnaður í miðbæ Vestmannaeyja. Staðurinn varð strax mjög vinsæll og margir réttir á matseðlinum sem slegið hafa í gegn. Í nýju bókinni GOTT-réttirnir okkar, gefa þau uppskriftir að ýmsum vinsælustu réttum staðarins og gefa skemmtilega innsýn í veitingahúsareksturinn og lífið í Eyjum en bókin er prýdd fjölda fallgebra mynda úr eynni fögru.

Hér er uppskrift að ljúffengri döðluköku sem tilvalið er að baka um hátíðirnar.

DÖÐLUKAKA GOTT

- 3 egg
- 120 g hrásykur
- 300 g döðlur (steinlausar)
- 150 g smjör
- 270 g fint spelttheiti
- 30 g lyftiduft
- 1 tsk. sjávarsalt

AÐFERÐ

- Hitið ofninn í 170 gráður.
- 1. Hrærið egg og hrásykur saman í um 10 mínútur.
- 2. Setjið döðlur í pott og vatn út í svo rétt flýtur yfir döðlurnar.
- 3. Látið suðuna koma upp. Slökkvið undir og látið standa í nokkrar mínútur.

ÍÞRÓTTIR

Handbolti:

27. des. kl. 19.30, Seltjarnarnes
Haukar - FH, Fl mót karla

27. des. kl. 21.15, Seltjarnarnes
Stjarnan - Haukar, Fl mót kvenna

ÚRSLIT KARLA:
FH - Haukar: 29-30

Körfubolti:

ÚRSLIT KVENNA:
Stjarnan - Haukar: 68-65

ÚRSLIT KARLA:
Tindastóll - Haukar: 87-82

FJARÐAR fréttir



Smelltu á
LIKE
og skoðu myndir


4. Bætið döðlum ásamt vökva saman við eggjablönduna
 5. Bætið spelttheiti og lyftidufti saman við og hrærið aðeins.
 6. Setjið bökunarpappír í form, smyrjið og hellið deigi í formið.
 7. Bakið í 40 mínútur. Kakan á að vera aðeins blaut.
- Best að bera kökuna fram volga með heitri karamellusösu og þeyttum rjóma eða ís.

KARAMELLUSÓSA

- 125 g hrásykur eða kókspálmasykur
- 150 g smjör
- 1 tsk. vanilludropar
- 400 ml rjómi

AÐFERÐ:

1. Setjið hrásykur í pott og fáið gullinbrúnan lit á hann.
2. Bætið þá öðru hráefni út í og látið sjóða í ákjósanlega þykkt.
3. Hellið yfir kökuna þegar hún er borin fram.



ØLSTOFA

HAFNARFJARÐAR

Flatahrauni 5a

Boltinn í beinni og lifandi tónlist allar helgar.

Tilvalinn staður fyrir einkasamkvæmi stærri og smærri hópa.

Happy Hour alla daga frá kl. 16 til 19 og fleiri flott tilboð á barnum.

**ØLSTOFA**

HAFNARFJARÐAR

Flatahrauni 5a, Hafnarfirði
sími 578 0200**FJARÐAR** fréttirSmelltu á
LIKEog skoðaðu myndir
á Facebook síðu
Fjardarfretta

Brenna á gamlárs- kvöld á Ásvöllum

Að venju verður brenna á Ásvöllum á gamlárskvöld en það er Knattspynufélagið Haukar sem sér um brennuna.

Kveikt verður í brennunni kl. 20 og er öll meðferð blysa og skotelda óheimil á brennusvæðinu.

Bæjarbúar eru hvattir til að mæta og njóta þess saman að brenna út gamla árið en ekki er nein skipulögð dagskrá á svæðinu.

Jólatrén ekki sótt

Bæjarbúar bera nú sjálfir ábyrgð á að farga jólatrjám sínum eftir jólin. Fólk getur klippt þau niður og komið þeim á Sorpu en ekki þýðir lengur að henda þeim út með von um að þau verði sótt.

Starfsfólk Hraunhamars
óskar viðskiptavinum,
samstarfsaðilum og
landsmönnum öllum
gleðilegra jóla og
farsældar á komandi ári.
Þökkum fyrir viðskiptin
á liðnum árum.



Stofnuð 1983

HRAUNHAMAR

FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is

**errea**Kíktu á vefverslunina:
www.errea.is

Jólagjafirnar fást í Hafnarfirði

Verslanir í Firði og í miðbænum og víðar opnar til 23. á Þorláksmessu

Stóra litla verslunarmiðstöð okkar Hafnarfirðinga er nú í jólabúningi og verslanir bæjarins eru tilbúnar til að taka vel á móti viðskiptavinum að venju.

Fyrir allt of marga er það eins og sjálf-sagður hlutur að renna í höfuðborgina fyrir jólin til að kaupa jólagjafir. Það er bæði tímafrest og víða erfitt að finna bílastæði – nema í Hafnarfirði þar sem úrval verslana er meira en margur heldur.


ÚRVAL VERSLANA Í HEIMABYGGÐ

Við búum vel að skartgripaverslunum í Hafnarfirði með úrvals gullsmíðum sem getið hafa sér gott orð langt út fyrir Stór-Hafnarfjarðarsvæðið. Konur þurfa ekki að fara langt til að finna glæsilegan fatnað enda eru kvenfataverslanir á hverju strái í miðbænum og því ættu karlar ekki að fara langt eftir jólagjöfum handa sínum betri helmingi.

Verkfærabúðir hafa sprottið upp í bænum og þeir handlöggu ættu að geta fengið



Glæsilegur fatnaður í Komu



Herra Hafnarfjörður

eithvað við sitt hæfi. Útivistarvörur og sprotfatnaður er í úrvali og svona mætti lengi telja.

Því meira sem Hafnarfirðinga kaupa inn í Hafnarfirði, því fleiri verða verslanirnar og betri.

FJÖRÐUR - OKKAR VERSLUNARMIÐSTÖÐ

Töluverð endurnýjun hefur orðið í Firði og margar nýjar verslanir verið opnaðar. Óvída er jafnmikið úrval af leikföngum og í Leikfangalandi, glæsiúrin fást í Úr og gull, leðurhanskamir fást í Smart Boutique, skómir í Skóhöllinni og hvíla má lúin bein og fá góðan kaffisopa í Kökulist.



Lýsm.: Guðni Erlaason

Gott er að geyma bílinn í bílastæðakjallaranum í Firði og njóta þess að fara ekki langt yfir skammt og upplifa mannlífið í miðbæ Hafnarfjarðar.

Gefðu Firði og miðbænum tækifæri!



Nýendurnýjuð verslun Augastaðar



Gott andrúmsloft er í Firði



Lýsm.: Guðni Erlaason